

Powershot S30 stærstærkt myndavél



Bókhladan

Canon

Canon

Verð kr. 89.900 m.vsk

- Ljósgeisla (3.6) milljón dga • 1.8 sekunnir í ljósi á baki
- 3. gervitaug ljósmyndar (10.5 megapíxla) • Ljósmyndarhraði: 1/5 - 1/18000
- 2. linsu: 7,1 - 21,3 mm • Inbyggja flash, auðveldur
- Gæmsluger: 110 x 55 x 42 mm
- Myndavæðing: gætur tekið upp að 3 myndir á sek.
- Aðal myndavæðing: 30 sek.
- Línan: 28.5 mm



Bæjarins besta

Miðvikudagur 26. febrúar 2003 • 8. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Kambur ehf. á Flateyri hefur fest kaup á 200 tonna línubáti frá Dalvík

Hátíðarstemmning er „Ingibjörg Sólrún“ kom til Flateyrar

Hátíðarstemmning ríkti á Flateyri á fimmtudag í síðustu viku þegar Sólrún EA, 200 tonna línubátur sem Fiskvinnslan Kambur ehf., hefur fest kaup á, lagðist að bryggju á Flateyri. Skipstjóri á skipinu verður Finnþjörn Elíasson frá Hnífsdal, en hann sigldi Sólrúnu frá Dalvík til Flateyrar.

Til stendur að finna annað nafn á skipið þar sem Sólrún er bundið einkaleyfi og hafa gárungarnir á Flateyri fundið þrýðis lausn á því máli.

„Já það er verið að tala um það af því að konan mín, sem er verkstjóri hjá Kambi, heitir Ingibjörg, hvort að það væri ekki gráupplagð að nefna skipið

í Ingibjörgu Sólrúnu, en það hefur ekkert verið ákveðið í þeim efnum“, segir Hinrik Kristjánsson framkvæmdastjóri Kambs.

Skipið þótti standa sig ágætlega á heimleiðinni en Hinrik segir að skipið sem er nokkuð kominn til ára sinna, sé velumgengið og virðist

vera í þokkalegu standi. „Við stefnum að því að fara að gera allt klárt í næstu viku svo sem að huga að áhöfn og kvóta og

þess háttar. Ætlunin er svo að vera kominn með hann út á sjó öðru hvoru megin við mánadarmótin“, segir Hinrik.



Stjórnarmenn í Fiskvinnslunni Kambi þau Ingibjörg Kristjánsdóttir yfirverkstjóri, Hinrik Kristjánsson framkvæmdastjóri og Steinþór Bjarni Kristjánsson skrifstofustjóri voru mætt niður á bryggju til að taka á móti skipinu.



Finnþjörn Elíasson skipstjóri um borð í Sólrúnu.

Samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Athugað verði með flutning Landhelgisgæslunnar til Ísafjarðar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum á fimmtudag í síðustu viku að óska eftir viðræðum við dómsmálaráðuneytið um möguleika á því að Landhelgisgæslan flytji starfsstöðvar sínar og heimahöfn til Ísafjarðarbæjar.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi tillögunni:

Allmörg ár eru síðan umræður voru síðast um hugsanlegan flutning á starfsemi Landhelgisgæslunnar frá

Reykjavík til einhvers annars staðar, þar á meðal Ísafjarðarbæjar. Einhverjar fornlegar könnunarviðræður munu hafa átt sér stað milli dómsmálaráðuneytis og Keflavíkurbæjar á sínum tíma um þetta en þær leiddu ekki til neinna breytinga.

Nú er rétt að hefja þessa umræðu að nýju og ekki nema sjálfsagt að það verði Ísafjarðarbær sem hefur máls á þessu, enda býður svæðið upp á marga hagstæða kosti fyrir

þessa starfsemi, svo sem næga hafnarstöðu, flugvelli, flugskýli og öfluga flóru þjónustuaðila. Ekki verður annað ráðið af stefnu í skipulagsmálum hafnar-svæðisins í Reykjavík en að Landhelgisgæslan verði inn- an ekki marga ára knúin til að flytja skipalægi sitt, enda á í næsta nágranni að rísa mikið tónlistarhús og stefnt virðist að því að Reykjavík-urflugvöllur heyrir brátt sögunni til sem slíkur.

Förðunarfræðingur á línuveiðum

– spjallað við systkinin og sjómennina Steinunni Guðnýju og Birki Einarsbörn á Flateyri



Þrjátíu ár liðin frá komu Páls Pálssonar

– núverandi og fyrrverandi skipverjar fögnuðu tímamótunum. Sjá bls. 9



SAMKAUP!
af öllum þingum

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

SAMKAUP!
af öllum þingum

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • sími 456 5460

www.flytjandi.is • sími 456 4560



Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamaður:
Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:
Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Fréttavefur: www.bb.is

Önnur útgáfa:
Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:
Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlistöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**
Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.
Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:
Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhladan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.
Bensinstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krilið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukort.

Fasteignamarkaðurinn á Vestfjörðum virðist vera að lifna við

Eftirspurnin eykst jafnt og sígandi

Góð hreyfing virðist vera á fasteignamarkaðinum á norðanverðum Vestfjörðum og allt suður á Bíldudal og Tálknafjörð. Byggingar á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri virðast vera að koma sterkar inn á markaðinn. Sérstaklega virðist vera sveifla á Þingeyri og umtalsverðar hækkanir. Almennt er þetta þokkalega líflegt", segir Arnar Geir.

„Það virðist vera óvanalega mikið af ungu fólki á kaupendamárknaðinum og mikið um fyrirspurnir. Fólk er að koma hér inn á svæðið og

gera tilraun til að setjast að. Það má segja að þessi hreyfing sé í gangi allt suður á Bíldudal og Tálknafjörð. Byggingar á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri virðast vera að koma sterkar inn á markaðinn. Sérstaklega virðist vera sveifla á Þingeyri og umtalsverðar hækkanir. Almennt er þetta þokkalega líflegt", segir Arnar Geir.

Tryggvi Guðmundsson fasteignasali á Ísafirði tekur í sama streng og segir markaðinn hafa verið í þokkalegu lagi undanfarið. „Eftirspurnin er að aukast hægt og sígandi og ójafnvægið milli framboðs og eftirspurnar er að lagast. Stærri eignirnar hafa verið að fara betur en hins vegar hafa minni eignirnar heldur látið standa á sér“, segir Tryggvi.

Langmesta salan hjá Tryggva hefur verið á Ísafirði en hann segir þó nokkra hreyfingu vera á Suðureyri og Þingeyri. Nokkuð sé líka um að vera á Flateyri en minna í Bolungarvík.

Aðspurður segir Tryggvi lækkan affalla af húsbúðum ekki vera farna að breyta miklu á markaðinum hér vestra. „En fólk er fyrir vikið

að fá meira fyrir eignirnar. Ekki veitti af til að vega aðeins á móti þessu ójafnvægi sem hefur verið á eignaverði milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Landsbyggðin hefur alveg setið eftir í hækkanum og verð jafnvel lækkað sums staðar“, sagði Tryggvi Guðmundsson, lögfræðingur og fasteignasali á Ísafirði.

Vistvæn meðferð á úrgangsolíu á norðanverðum Vestfjörðum

Orkan sem hlýst af brennslunni notuð til húshitunar

Allri úrgangsolíu sem fellur til á norðanverðum Vestfjörðum er eytt í ofnum sorpbrennslustöðvarinnar Funa í Engidali og er orkan sem hlýst af brennslunni notuð til upphitunar á húsum í Holtahverfi. Víðir Ólafsson stöðvarstjóri í Funa segir meðferð á úrgangsolíu vera til fyrirmyndar á svæðinu en afar lítil útblástur-smengun hlýst af brunanum.

Brennslan fer fram í fjórum brunahólfum og er reykurinn leiddur í reyk-gasketil þar sem hann er kældur niður og þannig fæst orkan til húshitunarinnar. Útblásturinn er svo

leiddur í gegnum vothreinsibúnað sem skilur óhreindin úr útblæstrinum.

Brennsla á úrgangsolíu fer einnig fram í sementsverksmiðjunni á Akranesi. „Það er kostur að þurfa ekki að flytja þetta út af svæðinu. Minni meðhöndlun þýðir allt-

af minni hættu á óhöppum. Þetta er nánast eina svæðið á landinu þar sem þarf ekki að flytja þetta yfir lengri veg“, segir hann.

Eyðing úrgangsolíunnar auðveldar starfsmönnum Funa að halda jafnri brennslu á ofninum og segir Víðir

heilmikinn sparnað hljóttast af því. Ókosturinn við þessa eyðingu sé hins vegar brennisteinsmengun svipað og fylgi díselvélum. „Etli þetta jafngildi ekki útblæstrinum frá varaafsstöðvum Orkubúsins þegar þær eru í gangi“, sagði Víðir.



Funi í Engidal.

Skiladagur skattframtala einstaklinga er 24. mars

70-80% Vestfirðinga skila skattframtalinu á netinu

Óðum styttest í skiladag skattframtala einstaklinga sem er 24. mars n.k. Að sögn Guðrúnar Bjargar Bragadóttur, skattstjóra í Vestfjarðadæmi, skila sífellt fleiri skattframtölum sínum á netinu og telur hún að 70-80% einstaklinga muni nýta sér þann háttinn í

ár. Lögaðilar geta skilað framtali, virðisaukaskatti og staðgreiðslu á netinu en margir þeirra skila einnig inn launamíðum á disklingi.

„Pappírinn er á hröðu undanhaldi hjá okkur enda hefur orðið mjög mikil auking í skilum framtala á netinu. Aukningin hefur verið um 30-

40% milli árána 2001, 2001, og 2002. Lögaðilarnir hafa ekki verið að taka eins vel við sér í virðisaukaskattinum og staðgreiðslunni“, segir Guðrún Björg.

Þegar staðgreiðslu- eða virðisaukaskattskýrslum er skilað á netinu er hægt að láta kerfið stofna kröfu hjá Reikni-

sstofu bankanna og þá er auðvelt að skila skattinum í gegnum heimabanka.

„Þetta hefur orðið eitt hvað útundan. Ég held að fólk átti sig ekki alveg á því að það er hægt að greiða þessar skýrslur á netinu“, segir Guðrún Björg Bragadóttir, skattstjóri.

bb.is

púlsinn fyrir vestan

RIITSTJÓRNARGREIN

Greiðasemi!!

Sögusviðið er fámennst sveitarfélag. Úti á þröngum, lygnum firði liggur þriggja tonna bátsskel. Snortur fley og vel í fjölskyldu skipað. Með vorkunni taka mótorskellir að bergmála í fjallahringnum. Það er sá árstími sem eiganda litlu skeljarinnar hentar til að sækja hluteild sína í óveidda fiskinum sem stjórnmöld skiptu á sínum tíma á milli þeirra sem skrifaðir voru fyrir bátum og skipum af öllum sortum og stærðum.

Þegar vorvertið lýkur bíður útgerðarmannsins annasamt tímabil í landi. Á þá vel við sem segir í litlu kvæði um lítið samfélag, að „Ekkert telst þar einskis virði“. Litla trillan, sem nú vaggar hljóðlát á leggunni, er allt í einu orðin burðarás viðskipta með veiðiheimildir. Nær daglega eru keyptar eða seldar veiðiheimildir á trilluhornið og svo mikill eru umsvifin að eigandanum reynist ærinn starfi að halda utan um tilkynningar Fiskistofu um viðskiptin.

Kvótabraskið er feimnismál. Þetta ekki átti að vera svona er viðkvæði varðmanna kerfisins líkt og um svo margt annað sem farið hefur á annan veg en Alþingi ætlaðist til. Frásögn Fréttablaðsins af „Miðstöð kvótabraskis í Mjóafirði“, staðfestir að kvótabraskinu eru engin takmörk sett.

Fréttin um kvótabraskið í Mjóafirði fékk snubbóttan endi. Alþingi lét sér fátt um

finnst enda gekk það þannig frá málum að brask með þjóðareignina varðar ekki við lög. Kannski er manninn, sem skilur „ekki af hverju leyft var í upphafi að selja og kaupa óveiddan fisk“, og sem „sér ekki hvernig hægt verður að losna út úr þessu kerfi“ og lánar bara fyrirtæki í Garðabæ trilluhomið sitt til kvótabraskis af einskærri greiðasemi, því vorkun. Bónusverslanir, sem landsbyggðafólk hefur tekið á móti fegins hendi og himin háar greiðslur til forstjóra ríkisfyrirtækja fyrir að hætta í vinnunni er vinsælla umræðuefni á hinu háa Alþingis en braskið með þjóðarauðlindina.

Breskir lávarðar krefjast nú bóta fyrir sætamissi í lávarðadeild breska þingsins; réttinda sem ríkisstjórnin hafði „veitt forfeðrum okkar að eilífu“ eins og erfingjar að forréttindunum orða það í kröfugerðinni. Er það ef til vill óttinn við bótakröfur hinnar íslensku lénstéttar kvótakerfisins, sem veldur því að menn fórna höndum og greiða síðan fyrir braskinu af einskærum barnaskap, eða hvað er hægt að kalla ósköpin fyrir austan?

Lénsveldi í Bretlandi er á undanhaldi. Á Íslandi hefur það náð að festa rætur. Fátt bendir til að Alþingi Íslendinga hafi þar mikinn vilja til varnar, sjálfu sér til yfirbótar, þjóðinni til farsældar.

s.h.

Samningur um barnaverndarmál

Bæjarstjórnir í Ísafjarð-
arbae og Bolungarvík og
sveitarstjórnir í Súðavík-
hreppi hafa staðfest samning
um meðferð barnaverndar-
mála í þessum þremur sveit-
arfélögum. Þetta var gert á
samráðsfundi bæjarráða
kaupstaðanna tveggja og
hreppsnefndar Súðavíkur-
hrepps, sem haldinn var í
Súðavík í síðustu viku.
Samningurinn er gerður á
grundvelli breyttra laga um
þessi mál en samkvæmt
þeim geta smærri sveitarfé-

lög ekki lengur haft sér-
stakar barnaverndarnefndir.
Skipuð verður ný sameigin-
leg barnaverndarnefnd fyrir
sveitarfélögin þrjú. Gert er
ráð fyrir þremur fulltrúum
frá Ísafjarðarbæ, einum frá
Bolungarvíkurkaupstað og
einum frá Súðavíkurhreppi.
Á fundinum var samstarf
sveitarfélaganna þriggja rætt
og var framkvæmdastjórn
þeirra falið að halda áfram
að þróa samstarfið. Miklar
umræður urðu um atvinnu-
mál á Vestfjörðum.

Skólakrakkar á Vestfjörðum

Ráðgefandi um vinnustaðinn

Skólakrakkar í Súðavík og
Bolungarvík eru meðal ráð-
gjafa umboðsmanns barna,
Þórhildar Líndal, varðandi
aðbúnað á vinnustað barna-
anna, þ.e. skólanum. Alls 18
„ráðgjafarþekkir“ í jafn-
mörgum skólum um land allt
eru þátttakendur í þessu
verkefni.
Tíu af skólunum voru
valdir með útdrætti en átta
skólar höfðu boðið sig fram
til þátttöku, þeirra á meðal
fyrirnefndir tveir skólar á
norðanverðum Vestfjörðum.
Umsjónarkennarar viðkom-
andi bekkja eru Erla Helga
Sveinbjörnsdóttir í Súðavík
og Elín Þóra Stefánsdóttir í
Bolungarvík.

Umboðsmaður barna hef-
ur í vetur unnið að tilrauna-
verkefninu „Ráðgjafarþekki-
ir umboðsmanns barna“. Ráðgjafarþekkir eru verk-
efni byggt á norrænni fyrir-
mynd, sem leitar eftir skoð-
unum grunnskólabarna á
málefnum er á þeim brenna.
Ráðgjafarnir í skólunum 18
eru 308 á aldrinum 10-12
ára. Umboðsmaður barna
hefur í vetur lagt tvær spurn-
ingakannanir fyrir ráðgjaf-
arþekkina, hina fyrri í des-
ember en hina síðari núna í
febrúar. Þriðja könnunin
verður gerð í vor. Unnið er
úr niðurstöðum á skrifstofu
umboðsmanns barna.

Landsliðshópar U17 og U19

BÍ-menn valdir til æfinga

Þrír leikmenn BÍ voru
valdir til æfinga með yngri
landsliðum Íslands í knatt-
spyrnu en úrtaksæfingar
liðanna fóru fram í síðustu
viku. Birkir Sverrisson og
Matthías Vilhjálmsson voru
valdir til að æfa með U17
liðinu undir stjórn Lúkas
Kostic og nýverið var Sigþór

Snorrason valinn til þess að
taka þátt í úrtaksæfingum
vegna U19 liðs karla en þær
fara fram undir stjórn Guðna
Kjartanssonar.
Munu fulltrúar KSÍ hafa
séð til Sigþórs í æfingaleik
með BÍ í Reykjaneshöllinni
í byrjun febrúar og heillast
af leik hans þar.

Úthlutun alls byggðakvóta Ísafjarðarbæjar til Þingeyrar

Samkeppnisráð sér ekki ástæðu til frekari afskipta

Samkeppnisráð sér ekki
ástæðu til frekari afskipta
vegna úthlutunar byggða-
kvóta til Fiskvinnslunnar Fjölnis hf. á Þingeyri. Fiskvinnslan Íslandssaga hf. á Suðureyri og Fiskvinnslan Kambur hf. á Flateyri óskuðu eftir því við Samkeppnistofnun á síðasta vori, að athugað yrði „hvort úthlutun Bygðastofnunar á svokölluðum byggðakvóta til Ísafjarðarbæjar og ákvörðun Ísafjarðarbæjar um að ráðstafa honum öllum til Fiskvinnslunnar Fjölnis hf. á Þingeyri stangist á við samkeppnislög. Bygðastofnun er einn af hluthöfum Fiskvinnslunnar Fjölnis.“
Á árinu 1999 úthlutaði Bygðastofnun í fyrsta sinn sérstökum byggðakvóta í samræmi við lög um stjórn fiskveiða. Frá og með fiskveiðiárinu 1999-2000 til og með fiskveiðiársins 2005-2006 hefur Bygðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskgildistonnum til að styðja byggðarlög sem lent hafa í

vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir.
Sumarið 1999 var Ísafjarðarbæ úthlutað 115 tonnum vegna Flateyrar, 102 tonnum vegna Suðureyrar og 170 tonnum vegna Þingeyrar. Ísafjarðarbær ákvað síðan að úthluta öllum þessum kvóta eða samtals 387 tonnum til Fiskvinnslunnar Fjölnis hf. á Þingeyri. Fyrirtækið var stofnað beinlínis á þessum forsendum og var Bygðastofnun meðal stofnenda og eigandi að hundrað milljón króna hlut eða fjórðungi hlutafjár.
Í erindi málshefjenda segir m.a.: „Fiskvinnslan Íslandssaga hf. og Fiskvinnslan Kambur hf. telja að hér hafi verið brotið gegn samkeppnislögum, enda hafi samkeppni verið raskað með úthlutun byggðakvótans og greiðslu hlutafjár í Fiskvinnslunni Fjölni hf. Er hér um ríkisstyrk að ræða, enda hugtakið ríkisstyrkur mjög víðtækt og gildir um hvers konar stuðning eða

styrk sem veittur er af ríkisfjármunum í hvers konar formi.“
Einnig segir að ríkisstyrkur sá sem Fjölnir fékk í formi byggðakóta og hlutafjár skekki samkeppnisstöðu Fiskvinnslunnar Íslandssögu og Fiskvinnslunnar Kambs, þar sem þau fyrirtæki þurfi að kaupa slíkan kvóta, auk þess sem þau búi ekki við eins sterka hlutafjárstöðu og Fiskvinnslan Fjölnir. Ef niðurstaða samkeppnisyfirvalda verði á þá leið að samkeppni hafi verið raskað með áður nefndum ríkisstyrkjum, þá sé óskað eftir því að samkeppnisyfirvöld hlutist til um að rétta samkeppnisstöðu Fiskvinnslunnar Íslandssögu og Fiskvinnslunnar Kambs.
Kvörtun Íslandssögu og Kambs var send til umsagnar Bygðastofnunar og Fiskvinnslunnar Fjölnis hf. Einng var óskað eftir umsögnum sjávarútvegsráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar. Bygðastofnun vísaði umkvörtunum fyrir-
tækjanna á bug og sagði m.a.

að ákvörðun stofnunarinnar um að kaupa hlut í Fiskvinnslunni Fjölni hefði verið gerð á hreinum viðskiptagrunni, enda þótt byggðasjónarmið hafi legið fyrst og fremst að baki þeirri ákvörðun. Sjávarútvegsráðuneytið taldi það ekki sitt hlutverk að tjá sig um framkvæmdina á úthlutun byggðakvótans.
Í umsögn Ísafjarðarbæjar var tekið undir sjónarmið Bygðastofnunar og hafi úthlutunin farið fram í samræmi við viðmiðanir hennar. Við ákvörðun um úthlutun hafi sérstaklega verið litið til þess bága atvinnuástands sem hafi ríkt á Þingeyri árið 1999. Ekki verði talið að kærendur í málinu hafi á nokkurn hátt sýnt fram á að samkeppnisstaða þeirra hafi verið skert með úthlutun byggðakvótans eða að samkeppnislög hafi verið brotin.
Ákvörðunarorð samkeppnisráðs er svohljóðandi: „Ekki er ástæða til frekari afskipta samkeppnisráðs af máli þessu.“

Samþykkt fjögurra sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum

Bundið slitlag á fimm árum og framtíðarleið verði um Arnkötludal

„Vegur um Arnkötludal og Gautsdal mun stytta vegalengdina milli norðanverðra Vestfjarða og suðvesturhorn-
ins, auk þess sem hann mun tengja tvö atvinnu- og þjónustusvæði á Vestfjörðum sem næstum engin landfræðileg samskipti hafa í dag, þ.e. Stranda og Austur-Barðastrandarsýslu. Framkvæmdin yrði nauðsynlegur og eftir-sóknarverður hlekkur í Vestfjarðahringnum“, segir í samþykkt sem gerð var á sameiginlegum fundi bæjarráðs Bolungarvíkur, bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, hreppsnefndar

Súðavíkurhrepps og hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps í síðustu viku.
Þrír fyrstnefndu aðilarnir komu saman til fundar í Súðavík á þriðjudag í síðustu viku. Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps var á sama tíma á fundi á Hólmavík og voru sveitarstjórnirnar í samráði símléiðis þegar vegamálin voru tekin fyrir.
Fundurinn fagnaði þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja einn milljarð til viðbótar í vegamál á Vestfjörðum og sagði jafnframt í bókun: „Fundurinn vísar til fyrri sam-

þykta Fjórðungsþinga Vestfirðinga og sameiginlegra funda Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkurhrepps, en þar er kveðið á um að framtíðarleiðin úr Djúpi liggji um Arnkötludal á Ströndum. Er það rúmlega 40 km stytting á leiðinni til Reykjavíkur og er samstaða meðal sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum og sveitarstjórnar Hólmavíkurhrepps um þá leið.“
Einnig segir í bókun fundarins: „Á það er lögð áhersla, að komið verði bundið slitlag á Djúpvæg inn á þjóðveg nr. 1

á fimm árum í stað tólf eins og kemur fram í tillögu til þingsályktunar að samgöngu-
áætlun fyrir árin 2003-2014, enda er um að ræða aðalveg íbúa á norðanverðum Vestfjörðum inn á þjóðveg nr. 1. Sveitarfélögin óska eftir góðu samstarfi við samgönguráðherra, þingmenn, og starfsmenn Vegagerðarinnar um samgöngumál og æskja þess að samráð verði haft við sveitarfélögin áður en endanleg ákvörðun verður tekin um ráðstöfun þeirra fjármuna sem nú bætast við til vegamála,“ segir í bókuninni.

Bygðasafn Vestfjarða lætur gera upp Sædísí ÍS 467

Vinna við „nýtt“ stýrishús langt komin

Bygðasafn Vestfjarða
vinnur nú að því að gera upp
Sædísí ÍS-467, 15 tonna
eikarbat frá árinu 1938.
Þessa stundina er verið að
smíða á hana nýtt stýrishús
sem verður með upphaflegu
sniði en gamla stýrishúsið

var tekið af bátnum árið
1972. Magnús H. Alfreðsson
húsa-smíðameistari í
Hæstakaupstað á Ísafirði
hefur umsjón með smíðinni
og segir það vel á veg
komið. „Meiningin er að
það fari á bátinn í vor, þegar

hann fer í slipp. Þetta
tréverk er langt komið en
svo á eftir að smíða möstur,
útbúa seglabúnað og færa
vélabúnað í upprunanlegt
horf þannig að það er mikið
verk eftir í bátinum“, segir
Magnús.

Lítið er um fyrirmyndir að
smíðinni því að skipt var um
stýrishús á flestum bátum af
þessari gerð fyrir allnokkru
síðan. „Þetta er mjög
skemmtilegt verk en það má
segja að maður sé að finna
upp hjólið. Ég hef verið leita
mér upplýsinga út um allan
bæ og hef mikið stuðst við
upplýsingar frá köllunum
sem voru á þessum bátum á
sínum tíma. Það eru til
nokkuð góðar teikningar af
þessu þannig að ég hef flest
mál á hreinu en það vantar
öll smáatriðin“, sagði
Magnús Alfreðsson í samtali
við blaðið.



Stýrishúsið í smíðum.

Sléttuhreppingar hafa blótað porra í 50 ár



Porrablót Áttahagafélags Sléttuhreppinga fór fram með pompi og prakt í Félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag. Í ár var þess minnst að 50 ár eru liðin frá því fyrsta blótið fór fram og var aðsókn góð að venju en um 200 manns voru samankomin á blótinu. Boðið var upp á skemmtidag-skrá og sungið undir borðum. Herborgu Vernharðsdóttur frá Fljótavík voru afhent sérstök heiðursverðlaun „Græna hvönnin“ fyrir einstaka áttahagatryggð en hún notar hvert færi sem gefst til að dvelja nyrðra í sumarhúsi sínu Atla-tungu. Að dagskrá tæmdri var dansað fram á nótt við leik og söng þeirra Baldurs Geirmundssonar og Margrétar Geirsdóttur. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is í vikunni.





**BETRI LAUSH
FYRIR FAGMENN**

Wurth er alþjóðlegt fyrirtæki með starfsemi í yfir 80 löndum. Á Íslandi starfa í kringum 40 manns, þar af 16 sölumenn. Meginstarfsemi fyrirtækisins felst í sölu á rekstrarvörum og verkfærum til fyrirtækja og verktaka. Wurth leitar nú að söluráðgjafa á Vestfjörðum.

Söluráðgjafi

Starfið felst í sölu á rekstrarvörum og verkfærum fyrir fagmenn. Wurth leggur áherslu á að styðja við atvinnuþróun í heimabyggð og því er búseta á Vestfjörðum skilyrði.

Starfslýsing: • Bein sala til viðskiptavina • Fyrirtækjaheimsóknir • Frágangur pantana	Menntunar- og hæfniskröfur: • Reynsla af sölustörfum • Þekking á lönaði kostur en ekki skilyrði • Samskiptahæfileikar og þjónustulund • Sjálfstæð vinnubrögð
--	---


Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.



Mannafli
RÁÐNINGAR OG KASSJÓF

Umsjón með starfinu hefur Ingjörg Óðinsdóttir (inga@mannafl.is) hjá Mannafli. Umsóknar-frestur er til og með 6. mars n.k. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli.

Mannafli: Smiðuvegur 72 200 Kópavogur Sími 540 7100 mannafl@mannafl.is
Mannafli: Skipagata 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is



Svisslendingar eru tilbúnir að borga fyrir ferðir til Vestfjarða

Dorothee [Dóra] Lubecki, ferðamálafulltrúi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, sótti ferðakaupstefnuna (Reise-messe) í Bern í Sviss fyrir nokkru og fékk mjög jákvæð viðbrögð frá fólki sem hefur hug á að heimsækja Vestfirði.

„Svisslendingar virðast bæði hafa fé á milli handanna og ferðast mikið. Þarna var til dæmis fimm manna fjöl-

skylda sem ætlaði að dvelja hér í nokkuð langan tíma með eigin húsbíl. Slíkt ferðalag er dýrt en þau voru alveg tilbúnir til að borga fyrir það, vildu bara fá settan saman aðgengilegan pakka. Þetta er nokkuð sem maður á eftir að venjast en svo eru líka alltaf þeir ferðamenn sem vilja bara ganga um svæðið en eru ekki síður mikilvægir“, segir Dóra.

Ferðaskrifstofan Kontiki Saga Reisen í Bern, sem er leiðandi í sölu Íslandsferða í Sviss, bauð Dóru að kynna Vestfirði á sýningarbás sínum. „Þetta er að sjálfsögðu beggja hágur. Þeir eru að fá inn mann-skju sem býr hér og hefur þekkingu á svæðinu. Ég fæ á móti tækifæri til að koma Vestfjörðum á framfæri. Það skemmtilega við þetta er að

meðan ég var á básnum seldist mest af Vestfjarðaferðunum“, segir Dóra.

Erfitt er að meta árangurinn af einstökum ferðakynningum en Dóra segir það alltaf hafa áhrif að vera á staðnum. Vestfjarðaferðir voru auglýstar sérstaklega af Kontiki Saga Reisen og Dóra segist auðvitað hafa passað upp á að verið væri að selja réttu hlutina.

„Þetta hefur allt áhrif. Þó svo að ég hafi ekki áhrif á þær ferðir sem þeir bjóða eða bæklingagerðina eða slíkt, þá var maður að setjast niður með fólki og hjálpa því að skipuleggja ferðir til Vestfjarða og fá ábendingar á móti. Margir þarna voru reyndir ferðamenn sem eru að koma hingað aftur og aftur“, sagði Dorothee Lubecki.

Mikil sóknarfæri í umskipun á rækju í Ísafjarðarhöfn

Horfa verður til markaðssetningar

Miklir tekjumöguleikar eru fyrir Ísafjarðarhöfn og hafnsækna starfsemi með því að laða að fleiri erlend rækjuveiðiskipi til löndunar, að mati Kára Þórs Jóhannssonar hjá Frystigeymslu Vestra á Ísafirði. Kári nefnir sem dæmi norska rækjuveiðiskipið Remöy Viking sem landaði 330 tonn af rækju á Ísafirði í nóvember á síðasta ári. „Um 2/3 hlutar aflans fóru til vinnslu hjá Miðfelli og afgangurinn í geymslu hjá Vestra og upp úr því höfðum við 600 þúsund krónur í geymslukostnað“, sagði Kári.

Þær upplýsingar fengust hjá Löndunarþjónustu Magnúsar Haukssonar á Ísafirði að 700-800 þúsund krónur fengjust fyrir hverja löndun og Ísafjarðarhöfn fær um 30 þúsund krónur í föst gjöld. Þá má gera ráð fyrir um 300 þúsund króna tekjum í aflagiöld miðað við 300 tonna rækjufarm. Má því gera ráð fyrir að löndun úr

einu skipi skilji eftir sig vel á aðra milljón í þjónustugjöld í bænum.

Guðmundur M. Kristjánsson, yfirmaður hafna Ísafjarðarbæjar, segir að horfa verði til markaðssetningar á höfninni og hafi hún í samstarfi við þjónustuaðila á svæðinu haft bás á Íslensku sjávarútvegssýningunni sl. haust í því skyni. „Þetta er eitt af þeim sóknarfærum sem við horfum til. Það er einna helst að þjónustufyrirtæki í kringum höfnina geti boðið upp á eitthvað fyrir þessa aðila að bíta á. Þannig þurfa allir að stilla saman strengi í þessu“, segir hann.

Í síðustu viku var 150 tonn af rækju landað úr flutningaskipinu Florinda sem tók til baka um 200 af frosnum saltfiskflökum. Rækjan fór til vinnslu hjá Miðfelli en hún var veidd vestur af landinu, landað í Noregi og flutt þaðan aftur til Íslands. Ísafjarðarhöfn



Landað úr Florinda í Ísafjarðarhöfn.

kann að eiga sóknarfæri sem umskipunarhöfn fyrir rækju enda mikill rækjuiðnaður á svæðinu. Að sama skapi gæti það reynst hagstæðara fyrir verksmiðjur annars staðar á landinu að sækja rækjuna til Ísafjarðar en til Noregs.

Kári segist vilja sjá hagsmunaðila á svæðinu taka saman höndum til að kanna möguleikana á að ná í fleiri rækjuskip inn í höfnina. „Höfnin hefur verið að byggja sig upp síðustu tíu árin eða svo í skemmtiferðaskipajöfnustu

og náð ágætum árangri. Ég held að við ættum að skoða það hvort að aðilar herna gætu ekki tekið sig saman og gert eitthvað svipað hvað varðar móttöku rækjuskipanna“, sagði Kári Þór Jóhannsson hjá Vestra ehf. á Ísafirði.

Stuttar af bb.is

Góðar gjafir til UMFB

Formleg opnun á nýju félagshúsi Ungmennafélags Bolungarvíkur (UMFB) fór fram um þar-síðustu helgi og var hún vel sótt af bæjarbúum. Húsinu bárust góðar gjafir á vígsludaginn en foreldrafélag yngri flokka-anna í knattspyrnu gaf myndbandstæki, sunddeildin gaf DVD spilara og meistaraflokkur keypti 32" breiðtjaldssjónvarp fyrir starfseminu. Helga Jónsdóttir formaður félagsins flutti ávarp og 7. bekkur Grunnskólans í Bolungarvík söng lag fyrir viðstadda við undir-leik af geisladiski sem Ungmennafélagið gaf út í baráttunni gegn reyk-ingum.

KFÍ jók forskot sitt

KFÍ sigraði Stjórnuna frá Garðabæ, 108-77, í leik liðanna sem fram fór í íþróttahúsinu á Torfnesi á föstudag. KFÍ leiðir 1. deildina með 26 stig en næsta lið á eftir er með 20 stig. Áttu menn von á strembnari leik en Störnumenn hafa verið mjög sterkir að undanförnu. KFÍ hraðlestinn fór hins vegar í gang með fullum þunga og gjörлагði þá.



Lausafé fylgi með í kaupum

Agnes Sigurðardóttir, sóknarprestur í Bolungarvík og Stína Gísladóttir, sóknarprestur í Holti í Öndarfirði hafa farið þess á leit við Ísafjarðarbæ að lausafé í eigu Ísafjarðarbæjar úr Holtsskóla renni að stórum hluta til væntanlegra eigenda hans, Prestsetrasjóði, sem styrkur frá Ísafjarðarbæ. Samþykkti bæjarráð að þeir lausamun-ir sem ekki væru í notkun annars staðar fylgi húsinu til nýrra eigenda. Ísafjarðarbær hefur samþykkt að selja Prestsetrasjóði húsið fyrir 2,5 milljónir króna. Séra Stína segir ráðgert að Héraðssjóður Ísafjarðar-prófastsdæmis og kirkju-sókn Öndarfjarðar kaupi húsið aftur af Prestsetra-sjóði til að reka þar kirkju-félags- og menningarmið-stöð. Segir hún að verið sé að vinna að ýmis konar skriffinsku í kringum kaup-in en að þeim málum frá-gengnum þá verði framtíð-arstarfsemi í húsinu kynnt.

Byggingarlóðir í grónum hverfum á Ísafirði

Auglýstar til umsóknar

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að auglýsa til umsóknar nokkrar byggingarlóðir í grónum hverfum á Ísafirði og birtist sú auglýsing hér í blaðinu í dag. Þar er um að ræða einbýlishúsarlóðir við Hjallaveg 18 og 20, Fjarðarstræti 30 og 36 og Sól götu 6, svo og parhúsarlóð við Fjarðarstræti 27.

Einnig eru lausar lóðir við Seljaland og Múlaland í Seljalandshverfi. Þá eru íbúðahúsarlóðir lausar á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri. Á Ísafirði eru iðnaðar- og athafnalóðir lausar við Sindragötu og á Skeiði. Á Flateyri eru lausar iðnaðarlóðir á Flateyrarodda, á Þingeyri eru lausar iðnaðarlóðir við Sjávargötu og á Suð-



ureyri eru lausar iðnaðarlóðir neðan Eyrargötu.

Allar þessar lóðir eru byggingarhæfar eða gætu verið það í vor. Til viðbótar eru lausar lóðir fyrir einbýlishús, parhús og raðhús í nýskipulögðu

hverfi á Tunguskeiði innan við verslunarmiðstöðina Ljónið á Ísafirði. Þar hefur ekkert verið byggt enn og svæðið ekki orðið byggingarhæft. Það gæti orðið tilbúið til byggingar í sumar, berist nógu margar umsóknir um lóðir til að hægt sé að ráðast í gatnaframkvæmdir og annan undirbúning.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar hefur jafnframt verið falið að kanna viðhorf væntanlegra húsbyggjenda til íbúðabygð-ara á Hauganesi framan við Holtahverfið á Ísafirði. Frumdrög að skipulagi íbúðahverfis þar liggur frammi á tæknideild Ísafjarðarbæjar í Stjórn-sýsluhúsinu á Ísafirði til skoðunar fyrir þá sem áhuga hafa.

Hafnarbúðin auglýsir!

Útsölulok
miðvikudaginn 5. mars
10%

aukaafsláttur



Hafnarbúðin

Hafnarhúsinu við Suðurgötu
sími 456 3245



SÆLKERARVÍKUNNAR

ERU DAGRÚN DAGBJARTSDÓTTIR
OG HALLDÓR JÓNSSON Á ÍSAFIRÐI

Saltfiskur í rjómatómatssósu

Kjöt hefur á undanförunum árum verið að aukast í mataræði okkar Íslendinga á kostnað sjávarfangs. Þar spilar verðið að sjálfsögðu stóra rollu. Fiskur er orðinn mjög dýr vara enda marga milliliði sem þarf að fódra og alltof lítill hluti verðsins endar í höndum þeirra er vinna hann. En hvað um það við ákváðum að sýna ykkur saltfiskrétt sem er afkaplega einfaldur í matreiðslu og mjög góður. Þessi uppskrift rak á fjórum okkar fyrir nokkrum árum og er þannig að hún tekur sífelldum breytingum og hlutföllin geta því ráðist af smekk hvers og eins.

- 1 kg. saltfiskflök, roð og beinhreinsuð (oftast til í Samkaup)
- 2 bufflaugar, fínt saxaðir
- 1 gulrót skorin í mjóar ræmur
- 1-3 msk söxuð steinselja
- 3-4 dl. rjómi
- 3-4 msk soyasósa
- 2-3 msk. tómatsósa
- 4-5 hvítlauksgeirar fínt saxaðir smjör

Flökin eru fyrst skorin í strimla. Smjörið brætt á pönnu og laukurinn steiktur í því. Þegar hann er orðinn mjúkur er gulrótarræmunum bætt á pönnuna.

Fiskurinn síðan settur á pönnuna ásamt rjómanum, hvít-lauknum og tómatsósunni. Þegar sósan fer að þykna er steinseljunn og sojasósunni hrært saman við.

Með þessu er hægt að borða allt mögulegt ef vill en líka er þetta gott eitt og sér. Hér fylgir uppskrift af brauði sem okkur finnst passa vel við.

- 50 gr pressuger eða 1 msk þurrger
- 50 gr smjör brætt
- 6 dl volg mjólk
- 1 tsk salt
- 15 dl hveiti
- egg til að pensla með



Leysið gerið upp í volgri mjólkinni og bætið smjöri útí. Hrærið. Blandið salti í, og síðan u.þ.b. 10 dl. Hveiti. Stráðið hveiti yfir deigið og breiðið klút yfir og látið hefast á hlýjum stað í u.þ.b. 30 mínútur.

Blandið meira hveiti útí en ekki öllu þar sem ekki er víst að þörf sé á því. Hnoðið, hafið deigið frekar blautt. Mótið í bollur. Uppskriftin ætti að duga í 40 litlar bollur. Sett á bökunarplötu og látið lyfta sér undir klút í 20-30 mín. Penslið með eggi. Bakið við 225 °C í 10 mínútur ofarlega í ofninum.

Að sjálfsögðu er gott vín ómissandi með þessum rétti. Flestir drekka hvítvín með fiski en við hvetjum fólk til þess að prófa að drekka rauðvín með saltfiskinum enda er fátt hollara í dag.


Niðrá eyri, nánar tiltekið í Skipagötu númer fjögur búa miklir matgæðingar þau Margrét og Sævar. Þar hefur ýmislegt verið brallað og við fáum að kynnst því í næsta blaði.

Sorpbrennslustöðin Funi í Engidal

Akureyringar farnir að senda sjúkrahússorp til eyðingar

Fyrsti farmurinn af sjúkra-hússorpi frá Akureyri kom í síðustu viku til eyðingar í sorpbrennslustöðinni Funa á Ísafirði. Bíll frá Gámaþjónustu Vestfjarða sótti gáminn með sorpinu að Brú í Hrútafirði þar sem bíll frá Gámaþjónustu Norðurlands beið með farminn. Alls voru þetta fjögur tonn sem komu til brennslu í Funa, mestmegnis frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Víðir Ólafsson stöðvarstjóri í Funa er ánægður með þessi viðbrögð Akureyringa.

„Við sem störfum í þessum geira hljótum að fagna því að nú hafi Akureyringar séð að sér og ákveðið að láta ábyrga aðila með réttan búnað sjá um að flytja þennan úrgang og eyða honum. Hér er verið að flytja vinnu og tekjur inn á svæðið og veitir ekki af“, segir



Sorpbrennslustöðin Funi í Engidal í Skutulsfirði.

Víðir.

Hvað varðar áhyggjur fólks af því að starfsemin geti valdið almenningi hættu segir Víðir að yfirvöld umhverfismála í landinu hafi ítrekað bent á að

Funi sé best búna stöðin á Íslandi og að eðlilegt sé að þessu sorpi verði eytt þar. „Hvað varðar áhyggjur af flutningunum á sorpinu, þá eru bílar og búnaður sem not-

aðir eru til þeirra í góðu lagi og undir stýri eru starfsmenn með mikla reynslu af akstri við öll skilyrði á vestfirskum vegum“, sagði Víðir. Ólafsson.

MAÐUR VÍKUNNAR

United og Beckham í mestu uppáhaldi



Nafn: Arnór Jónatansson.

Fædd/-ur, hvar og hvenær: Að Túngötu 3 á Ísafirði 31. janúar 1957.

Atvinna: Umdæmisstjóri Flugfélags Íslands.

Fjölskylda: Konan mín heitir Ósk Hauksdóttir. Við eigum þrjár dætur, Ester Ósk, Örnú Lind og Þóru Marý og svo á ég eina afastelpu, Arndísi Ósk.

Helstu áhugamál: Skíði, badminton og fótbolti.

Bifreið: Subaru.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Mercedes Benz. Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Bóndi.

Uppáhalds matur? Lambalærið hennar Ósk.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Brauðsúpa.

Uppáhalds drykkur? Kaffi og bjór þegar það á við.

Uppáhalds tónlist? Er alæta á tónlist.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? David Beckham og Manchester United.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Íþróttir.

Uppáhalds vefsíða? bb.is og flugfélag.is

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Stella í orlofi.

Fallegasti staður hérlendis? Skutulsfjörður í vetrar-klæðum.

Fallegasti staður erlendis? La Marína á Spáni.

Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei.

Uppáhalds heimilistækið? Uppþvottavél.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Að vera á skíðum og spila badminton.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Baktal.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Sit með konunni við kertaljós og drekk rauðvín.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Nei.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Man ekki eftir neinu sérstöku.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Samþykkja byggingu nýrrar 50 metra sundlaugar á Ísafirði.

Lífsmottó? Gerðu ekki öðrum það sem þú vilt ekki að aðrir gjöri þér.



Þorskhausarnir hengdir upp.

Þorskhausar frá Suðureyri

Hengdir upp á Hvilftarströnd

Starfsmenn Klofnings ehf. á Suðureyri við Súgandafjörð voru í síðustu viku að hengja upp þorskhausar á Hvilftarströnd í Öndarfirði. Sigurður Ólafsson yfirverkstjóri hjá Klofningi segir að stærstur hluti framleiðslunnar sé þurrkaður í þar til gerðum skápum en alltaf sé eitthvað hengt út.

„Þessir hausar hafa svolítið öðruvísi bragð og útlit en þeir innþurrkuðu. Þetta

er bara brot af framleiðslunni sem við hengjum út og í rauninni önnur vara og lítið eitt dýrari.“ Sigurður segir almennt vera góðan gang í rekstrinum hjá Klofningi þó að gengisþróunin hafi verið að stríða þeim nokkuð að undanförmu.

„Þetta er eins og hjá öllum öðrum í útflutningi.

Hækkandi gengi setur strik í reikninginn“, segir Sigurður Ólafsson.

Tryggt með nýjum samningi

Atvinnuþróunarfélögin í landinu og Bygðastofnun hafa undirritað nýjan samning um atvinnuþróunarstarf á starfssvæðum félaganna en þau verið samningslaus frá árslokum 2000 sem valdið hefur mikilli óvissu um framtíð félaganna. Framlög til félaganna hækka almennt um 8%, úr liðlega 15 milljónum kr. í rúmlega 16 og miðast við fjögur stöðugildi. Hvert félag verður síðan að fjármagna mótframlög úr héraði.

Til viðbótar þessu fær Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

og Þróunarstofa Austurlands einnar milljón króna framlag vegna viðveru á starfssvæði og tveggja milljón króna framlag til sérverkefna í samvinnu við Bygðastofnun.

Aðalsteinn Óskarssona framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða fagnar þessum áfanga og segir afar mikilvægt að óvissunni um rekstur félagsins hafi verið eytt. Félagið vilji hinsvegar undirstrika upphaflega kröfu, að framlög til almennrar starfsemi hækki sem nemur verðlagsbreytingum frá árinu

1998 en það verði tekið til umræðu með stjórnvöldum síðar. „Við reyndum að ná fram hækkun framlaga á fjárlögum en það gekk ekki eftir nema að litlu leyti. Verðlagsbreytingar frá árinu 1998 nema um 22% en ef við skoðum þróun launavísitölu á sama tíma þá er það enn meiri hækkun og launagreiðsur eru langstærsti gjaldaliðurinn í rekstri Atvinnuþróunarfélagsins“, segir hann.

Hækkun framlaga er ekki næg til að standa undir núverandi rekstri Atvinnuþróunar-

félags Vestfjarða miðað við fjögur stöðugildi. Aðalsteinn segir félagið ekki hafa getað tekið á þessu máli fyrr en framlög Bygðastofnunar hefðu verið komin á hreint.

„Við vorum að vonast til þess að ná fram aukningu á framlögum í samningaviðræðunum en þær hafa ekki gengið eftir nema að hluta. Það er ljóst að við þurfum að taka á þessu og afla meiri tekna fyrir félagið. Þau mál verða tekin til skoðunar og stjórn félagsins ræðir þau í mars“, sagði Aðalsteinn.



Atvinnuþróunarfélagið er til húsa í Þróunarsetrinu á Ísafirði.

Framlag ríkisstjórnarinnar til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni

Ekki búið að eyrnamerkja Norðvesturkjördæmi fé

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig 700 milljón króna framlagi sem ríkisstjórnin veitti á dögunum til atvinnuuppbyggingar á vegum Bygðastofnunar, verði ráðstafað. Svæðisútlit Vestfjarða greindi frá því í síðustu viku, að það hefði heimildir fyrir því að stór hluti þess fjár færi til verkefna í Norðvesturkjördæmi, ekki síst á Vestfjörðum.

Aðalsteinn Þorsteinsson framkvæmdastjóri Bygðastofnunar segir algjörlega ótímabært að fullyrða nokkuð um ráðstöfun fjáris en þó megi ætla að því verði varið til mótvægis við áhrif fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda og því mætti telja Norðvesturkjördæmi líklegt til að hljóta stuðning. Það væri þó lóðið og teygjanlegt enda spannaði kjördæmið mjög stóran hluta

landsins.

„Þetta er mjög óljóst ennþá, þessir peningar eru ekki komnir til Bygðastofnunar og þeir hafa alls ekki verið eyrnamerkir á einhvern hátt eins og rætt hefur verið um“, segir Aðalsteinn.

Bygðastofnun heyrir undir iðnaðarráðuneytið, en það mun gefa út tilmæli varðandi ráðstöfun fjáris. „Það á alveg eftir að koma í ljós hvort þetta

eiga að vera styrkir eða hluta-fjárframlög eða hvað menn eru að hugsa með þetta. En við fáum væntanlega upplýsingar um það frá ráðuneytinu og eins hvaða tímamörk menn eru að hugsa um í þessu sambandi. Ég þykist hinsvegar vita að menn vilji sjá þetta komið í gang fyrir kosningar“, sagði Aðalsteinn Þorsteinsson framkvæmdastjóri í samtali við blaðið.



Ólafur Guðmundsson og Jón Baldvin Jóhannesson setja upp rennur í göngunum.

Jarðgöngin undir Breiðadals- og Botnsheiðar

Vegagerðarmenn setja upp „þakrennur“

Vegagerðarmenn eru í óða önn að setja upp nokkurs konar „þakrennur“ í Vestfjarðagöngum. Jón Baldvin Jóhannesson hjá Vegagerðinni segir að þetta sé gert til að koma í veg fyrir að vatn sem lekur inn í göngin bleyti malbikið. „Það er vatnsvörn í loftinu,

svokallað skúm sem leiðir vatnið niður á veggi ganganna og sums staðar alveg niður. Við höfum hins vegar verið að reka okkur á að þar sem þessi klæðning er bara niður á miðja vegg vill koma bleyta á akbrautina þannig að við erum að reyna að þurrka upp

malbikið eins mikið og kostur er. Þetta er nokkuð svipað og þakrennur á húsum. Við setjum upp rennur þar sem klæðningin í loftinu endar og leiðum svo vatnið niður í rörum.“

Malbikið á akbrautinni slitnar hraðar og myndast frekar í því hjólför ef það er

blautt. „Það var verið að leita ódýrustu lausna á þessu vandamáli og við fundum þetta upp. Skúmið sem klæðir loftin er dýrt þannig að við förum þessa leið frekar en að klæða gangaveggina alveg niður að jörð“, sagði Jón Baldvin.



ÍSAFJARÐARBÆR

LAUSAR LÓÐIR TIL UMSÓKNAR

Á Ísafirði eru lausar til umsóknar einbýlishúsalóðir við Hjallaveg 18 og 20, Fjarðarstræti 30 og 36, Sól götu 6, lóðir við Seljaland og Múlaland og parhúsalóð við Fjarðarstræti 27. Þá eru íbúðarhúsalóðir lausar á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri.

Á Ísafirði eru iðnaðar- og athafnalóðir lausar við Sindragötu og á Skeiði.

Á Flateyri eru lausar iðnaðarlóðir á Flateyrarodda, á Þingeyri eru lausar iðnaðarlóðir við Sjávargötu og á Suðureyri eru lausar iðnaðarlóðir neðan Eyrargötu.

Ofangreindar lóðir eru byggingarhæfar eða gætu verið það í vor.

Þá eru lausar til umsóknar einbýlispar- og raðhúsalóðir í nýju íbúðahverfi á Tunguskeiði. Það hverfi er ekki byggingarhæft sem stendur en gæti orðið það í sumar, reynist eftirspurn eftir lóðum þar nægjanleg.

Nánari upplýsingar um einstakar lóðir svo og byggingarskilmála er að fá hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Þá hefur tæknideild verið falið að kanna viðhorf væntanlegra húsbyggjenda til íbúðabygginga á Hauganesi. Frumdrög að skipulagi íbúðahverfis þar liggur frammi á tæknideild og er hér óskað álits íbúa til þess hverfis.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

ÚTBOÐ

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í útboðsverkið Skógarbraut á Ísafirði. Helstu magnbólur eru: Fyllingar 7.800 m³, nýir skurðir 150 m., dýpkun skurða 500 m, stálræsi 140 m, burðarlag 2.600 m³.

Útboðsgögn eru afhent frá og með fimmtudeginum 20. febrúar sl. og tilboð verða opnuð 28. febrúar nk. kl. 11:00. Verð útboðsgagna er kr. 5.000.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Förðunarfræðingur á línu

– spjallað við systkinin og sjómennina
Steinunni Guðnýju og Birki Einarsbörn á Flateyri

Steinunn Guðný Einarsdóttir er snyrtifræðingur, borin og barnfædd á Flateyri og sá fyrst dagsins ljós á nýársdag árið 1983. Flestir kalla hana Steinunni en líka gengur hún undir nafninu Blossastelpan. Ástæðan er sú að hún rær með bróður

sínum, Birki Einarsyni, skipstjóra á krókaafلامarksbátum Blossa ÍS 125, á línu frá Flateyri. Fjölskyldan lifir og hrærist í sjávarútveginum. Kristján elsti bróðir þeirra að bíða eftir því að fá afhentan Sómabát sem hann hyggst gera út í dagakerf-

inu. Foreldrar þeirra, þau Guðrún Pálsdóttir og Einar Guðbjartsson, reka útgerð Blossa í félagi við Birki son sinn en eiga að auki Fiskverkun E.G. sem sinnir harðfiskverkun á Flateyri. Við spyrjum Steinunni hvað hún sé búin að vera lengi til sjós.

„Ég kom heim úr förðunar-skólanum í maí 2001 og var þá á sjónum fram á haust og var svo í skóla í Reykjavík í fyrravetur. Ég fór aftur á sjóinn í maí og hef verið í þessu síðan með smáhléum. Ég var alltaf á leiðinni að fara að hætta á morgun, mér fannst þetta ferlega erfitt og var alltaf sjóveik og alltaf ælandi. En svo venst þetta bara eins og hver önnur vinna.“

Birkir: „Hún getur verið sjóveik hérna inni á firði í ágætis veðri. En svo þegar er skítabræla, þá er hún fín.“

Steinunn: „Þegar maður er hættur að vera sjóveikur, þá er þetta þvífíkt fínt og ekkert mál að vera á sjó. En ég hef nokkrum sinnum lent í því að vera ælandi allan daginn og allt búið – brjálað að gera og maður kemur engu niður. Það er erfiðast.“

– En Birkir er væntanlega búinn að vera í þessu eitthvað lengur ...

Birkir: „Já, með hléum síðan ég var 12 ára. Ég tók náttúrlega Stýrimannaskólann og er búinn með fiskimanninn. Svo fengum við bátinn 1999 en þar áður var ég eitt ár á Páli Pálssyni. Þaðan kemur Blossanafnið. Ég var kallaður Blossi um borð af því að ég þótti stundum frekar æstur, fljótur upp en fljótur niður aftur. Svo kíkti ég suður einn vetur. Við keyptum bátinn eftir það og ég er búinn að vera á honum síðan.“

– Þetta er fjölskyldufyrirtæki hjá ykkur ...

Birkir: „Já, mamma sér um bókhaldið og fer að beita ef vantar eða í verkunina ef þannig stendur á.“

Steinunn: „Það vaða allir í allt sem þarf að gera, nema þá helst ég.“

Birkir: „Pabbi var að beita alveg heilengí og svo áttu þau mamma gamlan trébát sem var róíð á sumrin. En núna erum við kominn með Blossa og róum allt árið.“

Algjör bilun í fyrsta róðrinum

að þú fórst að taka systur þína með á sjóinn?

Birkir: „Hún bara vildi koma með.“

Steinunn: „Það átti ekkert að leyfa mér það fyrst. Ég held að ég hafi suðað í þeim í tvo mánuði þangað til að ég fékk að prófa. Þetta var ferlega erfitt fyrst en þetta er náttúrlega bara þrjóska. Það sögðu allir að ég gæti þetta ekki og ég gekk á því að afsanna það.“

Birkir: „Ég hef fengið stráka með mér á sjó og þeir eru ekkert betri og sumir verri. Hún er ekkert verri en hver annar.“

Steinunn: „Ég kom beint úr förðunarskóla á sjóinn og þess vegna hafði enginn trú á mér. En ég get gert þetta allt ef að ég er ekki sjóveik.“

Birkir: „Þetta er nú ekkert svoleiðis erfitt.“

Steinunn: „Vertu ekki að gera eitthvað lítið úr þessu!“

Birkir: „Í fyrsta róðrinum fórum við með 30 bala. Þegar við vorum búin að draga 24 bala þá vorum við með þrjú tonn en túrinn endaði í sex tonnum. Það var rosalegt. Við vorum síðast að taka 500 kíló á bala.“

Steinunn: „Þetta var algjör bilun, svona í fyrsta róðrinum.“

– En þú ert nú að spanna ansi vítt svið, lærir förðun og ferð svo á sjóinn. Af hverju langaði þig svona mikið á sjóinn og hvað dró þig út í það?

Steinunn: „Þetta voru náttúrlega bara peningarnir. Það var dýrt að búa í Reykjavík og svo var kannski ekkert voða mikið fyrir mig að gera þegar ég kom hingað heim. Ég gat allavega ekki verið að farða alla daga.“

Birkir: „Þú ert kannski að róa tíu daga í mánuði en getur samt verið með tvö hundruð þúsund í mánaðarlaun. Svo koma kannski mánuðir eins og í júní þar sem við vorum að sofa 4-5 tíma á sólarhring dögum saman. En þá er maður líka með ágætis tekjur fyrir mánuðinn.“

Steinunn: „Það er nú eigin-

lega það erfiðasta í þessu, eins og á steinbítsvertíðinni í sumar þegar við vorum að koma heim og svo kannski að fara út nánast strax aftur. Bara að leggja sig einhverja klukkutíma á milli. Þá erum við líka alveg ferlega þreytt á landstíminu og dottum í stólunum.“

Birkir: „Einu sinni var Steina sofandi í stólnum á landstíminu og ég var búinn að vera frekar kvefaður og var þess vegna með norska brjóstropa með mér. Ég sé hana sofandi með munninn gapandi og helli upp í hana einni skeið. Það var flott að sjá á henni svipinn þegar hún vaknaði, gólandi kók kók, gefðu mér kók. Það var fyndið.“

Steinunn: „Já, það er erfitt að halda sér vakandi. En stundum er síminn alltaf hringjandi, mamma að tékka á okkur og svoleiðis. Athuga hvort við séum nokkuð sofandi.“

Ert þú á sjó?

– Heldurðu að það sé eitthvað erfiðara að fyrir stelpur að vera á sjónum? Eru þær eitthvað verr útbúnar til þess en strákarirnir?

Steinunn: „Nei, en það situr í fólki að bara strákar fari á sjóinn.“

Birkir: „Þær geta þetta alveg stelpurnar eins og hver annar.“

Steinunn: „Þær eru nú ekkert allar tilbúnar til þess. Eins og sumar vinkonur mínar sem segja bara oj, slor og ógeð. Enda þegar maður kemur í land þá er maður oft ferlega úldinn og með hárið út um allt. Það er eiginlega það erfiðasta fyrir mig að vera með þetta síða hár og svo er það allt út í salti, slori og ógeði. En þegar ég er kominn í sjógallann, þá er mér bara alveg sama.“

Birkir: Nei, það er ekkert sem segir að stelpur geti ekki verið á sjó. Ég meina, af hverju ekki?“



Steinunn: „Já, en það eru náttúrlega sumar sem eru veikbyggðar eða þannig.“

Birkir: „Já, karlmenntu eru líka veikbyggðir og sumir eru sjóveikir og allavega. Annað hvort langar fólk að gera þetta og hefur eitthvað í það eða ekki.“

– En Birkir, þú hlýtur að vera frekar kjarkaður skipstjóri að leggja í það að fara á sjó með litlu systur? Þótti þetta ekkert skjóta skökku við á bryggjunni?

Birkir: „Nei, það var allt í lagi að prófa og sjá hvernig það kæmi út og það kom bara ágætlega út.“

Steinunn: „En ef það koma einhverjir nýir bátar hérna, þá reka þeir upp stór augu þegar þeir sjá mig.“

Birkir: „Maður heyrir kallið að langleiðina eftir bryggjunni: Nei, ert þú á sjó?“

Steinunn: „Það var mikið af netabátum hérna í haust og þeir voru allir farnir að þekkja mig sem Blossastelpuna.“

Birkir: „Það er eins og þegar aðrir bátar hringja í okkur, þá bergmálar í gegnum símann: Nú, hvað, kvenmaður?“

Steinunn: „Já, það er stundum spurt: Er þetta ekki örugglega á Blossanum? Alveg ótrúlegt.“

Semur vel á sjónum

– En ert þú ekki orðinn ákaflega fróður um málefni kvenna, Birkir? Skilurðu ekki orðið kvenlegu hliðina til fulls?

Birkir: „Nei, konur eru alveg óskiljanlegar.“

Steinunn: „Hann er svo mikil karlremba og gefur ekkert eftir við mig. Ég fór til dæmis á sjó með pabba og það var algjör lúxus. Birkir kemur bara fram við mig eins og hvern annan strák.“

Birkir: „Við vorum einu sinni að leggja upp á steinbítsból og það var einn bali sem ég vissi að var með ónýtri beitu. Ég ætlaði að láta hann síðast af því að ég hugsaði að það yrði lítið fiskirí þar. En hún setti hann ákúrat á besta staðinn og ég alveg trompaðist. Hún gargaði bara: Hvað er að þér? Og horfði á mig eins og viðundur.“

Steinunn: „Þetta var nú fyrst þegar ég var að byrja.“

Birkir: „Já, svo hefur ég brotið nokkra gogga og svona, það tilheyrir bara.“

Steinunn: „Hann er svo fljótur upp og þarf alltaf að fá einhverja útrás. Ég er ekki með þetta skap en hann getur verið alveg kolvitlaus.“

Birkir: „Þetta er bara svona. Ef ég missi stóra ýsu, þá verð ég alveg brjálaður, veit ekki út af hverju. Það er ekki eins og það sé mikill peningamiss-

ir. En ef ég myndi missa 100 kílóa lúðu, þá hugsu ég að ég myndi stökkva í sjóinn á eftir henni.“

Steinunn: „En okkur semur alveg ótrúlega vel úti á sjó. Það skilur það eiginlega enginn hvernig systkini geta verið saman úti á sjó, kannski meira en 12 tíma á dag eða 24 jafnvel. En við erum að slást úti á sjó og fíflast alveg eins og við gerum hérna heima. Hann böggar mig þegar ég sjóveik og kitlar mig þegar ég er að fara að sofa. Svo þegar við erum kominn í land, þá getur þetta allt breyst. Þá erum við kannski ferlega pirruð.“

– En fjölskyldan hún lifir og hrærist í sjávarútveginum ...

Steinunn: „Það snýst allt um þetta.“

Birkir: „Já, og svo er verið að ræða þessi mál, hvort að það eigi að kaupa kvóta eða leigja kvóta og taka lán og allt þetta. Það taka allir þátt í umræðunum á heimilinu – í matartímanum og hvenær sem er.“

Steinunn: „Núna er ég búin að vera það lengi í þessu að ég er kominn inn í þetta allt og er farin að kunna öll tókin úti á sjó. Einhvern tímann ætla ég að læra á vélina. Ég er með pungaprófið og það er stefnan að geta svo einhvern tímann farið á skak eða svoleiðis.

Eiga bát þegar ég er orðin eldri. Þó að þau hafi kannski ekki mikla trú á mér, þá hefur eldri bróðir minn alveg trú á mér.“

– En það eru orðnar ferlega miklar þælingar í kringum þetta allt í dag, öll þessi kvóta-kerfi og það allt ...

Birkir: „Þetta er náttúrlega mjög krefjandi og miklar þælingar bæði á sjó og í landi. Það er til dæmis mjög mikill kostnaður á línunni. Maður þarf að ná nógu góðri nýtingu á balann. Maður vill reyna að ná stóra fiskinum, það fæst meira fyrir hann og þá er verið að reyna að finna staðinn þar sem hann er.“

Steinunn: „Já, það þarf að fylgjast með því hvað hinir bátarnir eru að gera, vera með stöðina hátt stillta og fylgjast með. Svo fer maður á netið heima á kvöldin og fylgist með því hverju er verið að landa.“

Langar í trillu

– Er þetta framtíðin hjá þér? Steinunn: „Neinei, ég ætla að vera á sjónum svona fram í ágúst svo á ég eftir að klára stúdentinn. Stefnan er svo sett á lögfræðina eða jafnvel stjórnmálafræði. Svo get ég verið á sjó á sumrin – það er ótrúlega fínt að vera á sjó á sumrin, þá er þetta bara gaman. Þau hafa öll verið í fiski í

kringum mig. En þegar ég var lítil, þá ætlaði ég ekki að koma nálægt neinu í sambandi við fisk. Ég ætlaði að verða hárgreiðslukona eða eitthvað þannig.“

– En þig langar til að eiga bát og vera á skaki ...

Steinunn: „Já eitthvað í þá áttina, eitthvað svona einfaldara. Það er svo mikið í kringum þetta að vera á línunni. Einhvern tímann í framtíðinni allavega langar mig til að geta verið ein á trillunni á sumrin.“

Að svo búnu kveðjum við þau systkinin. Það er sunnan hvassviðri og gæftir hafa oft verið betri en síðustu daga. Þau láta ekki deigan síga þrátt fyrir rysjóttu tíð en geta fyrir vikið gefið sér tíma til að spjalla um útgerðarlífið og tilveruna. Þau smita frá sér lífsgleði og hafa þá óvanalegu útgeislun að manni virðist smábátautgerðin ekki einungis vera lífibrauð, heldur spennandi og heillandi heimur að takast á við og starfa í. Þó að greinilega hafi komið fram að í mörg horn er að líta í útgerðinni og að þar axli menn ábyrgð á kvóta og lánnum, auk lífs og lima, er ekki hægt að greina hræðslu eða áhyggjur í tali þeirra. Þrátt fyrir allt eru til ungir skipstjórar og ungir hásetar sem horfa bjartsýnir fram á veginn.



Systkinin um borð í bát sínum, Blossa IS.



Fyrrverandi og núverandi skipverjar á Páli Pálssyni ÍS 102 að aflokinni skoðunarferð um skipið. Núverandi skipstjóri, Páll Halldórsson er fyrir miðri mynd.

Þrjátíu ár liðin frá komu skuttogarans Páls Pálssonar ÍS 102

Skipverjar fagna afmælinu

Fyrrverandi og núverandi skipverjar á skuttogaranum Páli Pálssyni ÍS 102 komu saman á Ísafirði á laugardag í tilefni þess að um 30 ár eru liðin frá því að skipið kom til landsins. Um miðjan dag var farið í skoðunarferð um skipið undir leiðsögn Páls Halldórssonar núverandi skipstjóra þar sem skálað var í koniaki í boði núverandi áhafnar. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrrverandi skipstjóra á Páli og núverandi alþingismanni, voru afhentir ýmsir munir sem hann hafði gleymt um borð þegar hann tók pokann sinn og hélt á þing. Þar á meðal voru gamlar bækur frá veru hans í Stýrimannaskólanum og buxur sem munu passa um annað lerið á honum í dag að sögn eins áhafnarmeðlims. Einna mesta athygli vöktu tvær dósir af Becks bjór sem fundust undir koju skipstjórans og munu hafa runnið út árið 1989. Var gantast með það hvort dósirnar kynnu að vera smyglvarningur sem hafi verið svo vel falinn á sínum tíma að hann hafi ekki fundist fyrr en í dag. Skipverjarnir héldu úr Páli niður í Neðstakaupstað þar sem þeir skoðuðu sjóminjasafnið. Um kvöldið var skemmtun á Hótel Ísafirði þar sem SKG-veitingar reiddu fram dýrindis þriggja rétta máltíð. Stóð gleðin fram undir miðnætti en þá var haldið á dansleik í Krúsinni. Fleiri myndir frá gleðinni munu birtast á svipmyndum á bb.is.



Tveir fyrrverandi skipverjar á Páli Pálssyni, Bárður Grímsson og Skarphéðinn Gíslason ásamt Páli Halldórssyni, núverandi skipstjóra.



Jón Grímsson heilsar hér upp á sinn gamla skipstjóra, Adda Kitta Guj, núverandi alþingismann.



Fyrrverandi og núverandi vélstjórar á Páli. F.v. Kristinn Héðinsson, Friðbjörn Óskarsson, Þorsteinn Árnason og Guðmundur Óli Lyngmó.



Bræðurnir Bárður og Jón Grímssynir ásamt hjónunum Gunnari Þórðarsyni og Kristínu Hálfðánsdóttur.



Heimir Tryggvason stýrimaður á Páli Pálssyni (tv) skoðar hér líkan af Ásúlfi ÍS 202 í Sjóminjasafninu á Ísafirði ásamt Guðmundi Guðmundssyni.



Kristján Jóakimsson, Konráð Jakobsson, Sveinn Kr. Sveinsson og Sveinn Guðbjartsson voru á meðal gesta í afmælishöfinu.

Ekkert sparnaðarform eins hagkvæmt og viðbótarlífeyrissparnaður

– segja forsvarsmenn Íslenskra verðbréfa hf., sem reka starfsstöð á Ísafirði


Á nýliðnu ári opnuðu Íslensk verðbréfhf. starfsstöð í húsnæði Sparisjóðs Vestfirðinga á Ísafirði og var Torfi Jóhannsson ráðinn þar til starfa. Torfi vann áður hjá Intrum í Reykjavík en er Ísfirðingur að uppruna. Félagið var með starfsstöð í Bolungarvík en þegar starfsmaður félagsins þar hætti var farið að leita að eftirmanni og ákveðið að bækistöðin yrði á Ísafirði.

Fyrirtækið Íslensk verðbréfhf. var stofnað árið 1987. Frá þeim tíma hefur það verið eina löggilta verðbréfafyrirtækið utan höfuðborgarsvæðisins og lagt mikla áherslu á að sinna landsbyggðinni. Meginstarfsemin liggur á sviði eignastýringar. Félagið er með starfsstöðvar á Akureyri og Ísafirði og starfsmenn eru sextán. Þeir Torfi Jóhannsson, Sævar Helgason framkvæmdastjóri og Björn Snær Guðbrandsson, forstöðumaður eignastýringarsviðs, greindu frá starfseminni í samtali við blaðið.

Fram kom að Íslensk verðbréfhf. hafa eflst verulega á undanförunum árum. Í dag er félagið með um 27 milljarða í eignastýringu fyrir lífeyrissjóði, fyrirtæki, tryggingafélög, fjármálafyrirtæki og einstaklinga. Að auki veitir fyrirtækið alhliða ráðgjöf við val á sparnaðarleiðum og hefur aðstoðað fjölmörg sveitarfélög og fyrirtæki á sviði skuldabréfa- og hlutabréfaútgáfu. Hluthafahópur félagsins er mjög traustur en hluthafar eru lífeyrissjóðir og sparissjóðir víðsvegar um landið, þar á meðal Lífeyrissjóður Vestfirðinga og Sparisjóður Bolungarvíkur.

– Af hverju var ákveðið að opna starfsstöð á Ísafirði?

„Að okkar mati er sérhæfðri ráðgjöf við val á sparnaðarleiðum ábótavant víða úti um land og fjármálafyrirtæki hafa ekki lagt mikla áherslu á þetta svið á landsbyggðinni. Við höfum því áhuga á að efla þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki á Vestfirðum á sviði verðbréfavíðskipta, til að þeir hafi aðgang að aðilum með þekkingu og reynslu á þessu sviði. Svona sérhæfð þjónusta er að okkar mati nauðsynleg því að sparnaðarleiðum fjölgar sífellt og fjármálin verða flóknari. Við sáum því tækifæri til þess að reyna þetta og vonum að fólk taki okkur vel



Torfi Jóhannsson, forstöðumaður Íslenskra verðbréfa hf. á Ísafirði, Sævar Helgason, framkvæmdastjóri, og Björn Snær Guðbrandsson, forstöðumaður eignastýringarsviðs Íslenskra verðbréfa hf.

og að við náum að byggja upp öfluga starfsstöð á Vestfirðum.“

– Hvaða þjónusta er boðin á Ísafirði?

„Við veitum alhliða ráðgjöf við val á sparnaðarleiðum, hvort sem það er lífeyrissparnaður eða annar hefðbundinn sparnaður. Við bjóðum upp á margar leiðir til þess, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Einnig önnust við stýringu eigna fyrir fjárfesta og aðra þá sem eru að leita eftir einhvers konar sparnaðarleiðum. Það sem hentar einum þarf ekki að henta öðrum. Því er mikilvægt að meta þarf hver og einn áður en ráðgjöf er veitt varðandi sparnaðarform.“

– Hvað felst í eignastýringu og hvernig hefur hún gengið hjá félaginu að undanförunum?

„Í eignastýringu felst að okkur er falin ávöxtun fjármuna fyrir hönd viðskiptavina og skrifað er undir eignastýringarsamning og fjárfest-

ingarstefnu. Fjárfestingarstefnan er sennilega mikilvægasti hluti þessa þar sem ákvarðað er hvernig uppbygging safnsins skal vera og í hvaða eignaflokkum skal fjárfest.

Íslensk verðbréfhf. leitast síðan við að finna hagkvæmstu lausnir sem henta viðkomandi viðskiptavini með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stýringin hefur gengið mjög vel, sérstaklega á síðastliðnu ári þegar íslenskur hlutabréfamarkaður og skuldabréfamarkaður gengu mjög vel.

Við starfrækjum til dæmis verðbréfasjóð sem skiptist í þrjár deildir sem voru stofnaðar í júní 2002. Verðbréf 1 fjárfesta eingöngu í markflokki skuldabréfa og ávöxtunin á ársgrundvelli var á síðasta ári 13,38%. Verðbréf 2 fjárfesta í skuldabréfum sem skráð eru í Kauphöll Íslands og var ávöxtunin á síðasta ári 10,15% á ársgrundvelli. Verðbréf 4 fjárfesta í hlutabréfum

sem skráð eru í Kauphöll Íslands og var ávöxtunin á síðasta ári 10,86% á ársgrundvelli.

– Hvernig eru horfurnar á verðbréfamörkuðum fyrir árið 2003?

„Horfurnar fyrir árið 2003 verða að teljast ágætir fyrir íslenskan skuldabréfa- og hlutabréfamarkað. Enn ríkir hins vegar talsverð óvissa með þróun og horfur á erlendum mörkuðum. Íslensk skuldabréf gáfu mjög góða ávöxtun á síðasta ári og var ávöxtun markflokka skuldabréfa á bilinu 9-20%. Úrvalsvisitala Aðallista hækkaði um 17% en sú visitala mælir hækkan á 15 veltumestu fyrirtækjunum á hlutabréfamarkaði.

Árið hefur farið vel af stað í skuldabréfum og við búumst við að ávöxtun þar verði áfram góð þó hún verði sennilega ekki eins góð og á síðastliðnu ári. Sama gildir um hlutabréfin, við búumst við hóflegri hækkan. Yfirvofandi áttök í

Írak skapa talsverða óvissu fyrir erlenda verðbréfamarkað en náist lausn á þeim málum má búast við að markaðurinn taki við sér.“

– Nú hafa fleiri og fleiri verið að nýta sér viðbótarlífeyrissparnað. Er slíkur sparnaður hagstætt sparnaðarform?

„Það er ekkert sparnaðarform eins hagkvæmt. Hver launþegi sem leggur að minnsta kosti 2% af launum til sparnaðarins fær 2% mótframlag frá launagreiðanda og 10% af sínu framlagi frá ríkjunu. Mótframlag launagreiðanda og mótframlag ríkisins gefur því hverri innborgun 60-110% ávöxtun um leið og hún er innt af hendi. Þessir fjármunir eru ekki skattlagðir þegar þeir eru lagðir í viðkomandi sjóð sem valinn er. Því hvetjum við alla aðila til þess að skoða viðbótarlífeyrissparnað nánar.“

– Hvað er helst á döfinni í starfsstöðinni á Ísafirði?

„Nú er verið að kanna

möguleika á stofnun eignarhaldsfélags um fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum. Bygðastofnun samþykkti á sínum tíma að koma að slíkum eignarhaldsfélögum með hlutafjárþátttöku, að því skilyrði uppfylltu, að aðrir aðilar kæmu með hlutafé á móti.

Slík félög hafa verið stofnuð á nokkrum stöðum á landsbyggðinni og nú er verið að kanna möguleika á því að efla félagið hér á svæðinu. Það yrði án efa lyftistöng fyrir svæðið þar sem fjármunir eru þá til staðar í fjárfestingar í áhugasömum og arðsömum verkefnum. Vonast er til að hægt verði að stofna félagið innan skamms. Einnig höfum við verið með kynningar fyrir efstu bekk grunnskóla á svæðinu og kynnt helstu hugtök á fjármálamarkaði fyrir nemendum. Í kjölfarið hafa skapast líflegar umræður.“



Anna og Konráð með þremur af fjórum börnum sínum.

Anna og Konni Eggerts sextug

Hjónin Anna Guðmundsdóttir og Konráð Eggertsson, skipstjóri og fyrrverandi hrefnuveiðimaður á Ísafirði héldu upp á sameiginlegt sextugsafmæli sitt sl. laugardagskvöld í Oddfellowhúsinu á Ísafirði. Konráð varð sextugur 18. febrúar sl. en Anna varð sextug 19. nóvember á síðasta ári. Mættu þar fjölmargir vinir þeirra til að

samgleðjast þeim á þessum tímamótum. Var nær öll fjölskyldan saman komin en þrjú af fjórum börnum þeirra, þau Guðmundur, Haraldur og Valborg mættu til veislunnar, en Lára dóttir þeirra sem búsett er í Noregi, var fjarstódd. Svipmyndir frá veislunni verða birtar á ljósmyndavef bb.is á næstunni.



Hjónin Torfi Björnsson og Sigríður Króknes á spjalli við Halldór Hermannsson.



Hallgrímur Kjartansson læknir og Birna Lárusdóttir, bæjarfulltrúi voru á meðal gesta í afmælinu.



Þar voru einnig þeir Elías Sveinsson, Óli M. Lúðvíksson og Halldór Margeirsson.



Gestir gæða sér á glæsilegu hlaðborðinu.



Nær níutíu konur mættu á konukvöld kvennakórs Bolungarvíkur



Hátt í níutíu konur mættu á konukvöld sem Kvennakórinn í Bolungarvík hélt í sal Bakka- víkur í Bolungarvík á laugardag. Boðið var upp á margskonar skemmtiatriði, bæði söng og spil, se, kórfélagar sáu um. Haldin var tiskusýning á fatnaði frá Friendtex sem Guðrún Jónsdóttir dreifir í Bolungarvík og frá versluninni Jóni og Gunnu á Ísafirði, auk nátt- og sundfata frá sölbaðsstofunni Lindu. Veislustjóri var Eygló Harðardóttir og var boðið var upp á létt hlaðborð úr smíðju kórkvenna sem samanstóð af pasta, sjávarréttum, hrísgrjónum, tailenskum núðlum, fersku salati og brauði. Svipmyndir frá kvonukvöldinu munu birtast á ljósmyndavef bb.is í vikunni.

Amar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Eftirtalдар eignir eru einungis sýnishorn úr sölu- skrá okkar, leitðu nánari upplýsinga á skrifstofu.

ÍSAFJÖRÐUR:

Austurvegur 12: Tæplega 60 m² 3ja herb. íbúð á 2. hæð.

Fjarðarstræti 13: Húsið er 2 hæðir og kjallari ásamt 50m² bílskúr. Góð lóð. Á hvorri hæð er ca. 80m² íbúð og í kjallara ófullgerð minni íbúð Húsið selst í einu lagi eða hver íbúð sér.

Grundargata 2: Rúml. 60m² 2ja herb. íbúð á 1. hæð. Verð kr. 3.000.000.- Laus.

Mánagata 6: Efri hæð 155m² 5-6 herbergja.

Mjallargata 1: 70m² 2ja-3ja herb. íbúð á 2. hæð.

Seljalandsvegur 12: 145m² einbýlishús. Verð kr. 5.200.00. Laust.

Smíðjugata 11a, rúmlega 150m² einbýlishús, tvær hæðir, ris og kjallari ásamt litlum bílskúr.

Stórholt 7: 3ja herb. íbúð á 2. hæð f.m. Verð kr. 3.800.000. Laus.

Stórholt 13: 80 m² 3ja herb. íbúð á 2. hæð t.h. Góð lán áhvalandi. Gott útsýni. Verð kr. 5.000.000.-

Strandgata 5: Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m² á 2. hæð í samþýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 800.000.-



Austurvegur 13: Efri hæð og ris. Verð kr. 4.500.000.-



Fjarðarstræti 14: Í húsinu eru 3 íbúðir. Á 2. hæð er 4ra herb. 90 m² íbúð ásamt risi. Á 1. hæð er 4ra herb. 100m² íbúð. Henni fylgir 60m² pláss í kjallara og 38m² bílskúr. Loks er 60m² ósamb. íbúð í kjallara.

Urðarvegur 70: Raðhús með innb. bílskúr alls um 195m². Laust eftir samkomulagi. Verð tilboð.

BOLUNGARVÍK:

Hólsvegur 7: 300m² einbýlishús. Verð kr. 3.400.000.-

Heiðarbrún 2: Rúml. 140m² einbýlishús ásamt bílskúr. Laust samkv. samkomulagi.

Ljósaland 6: 256,7m² einbýlishús með innb. bílskúr. Laust. Verð kr. 3.500.000.-

Skólástigur 19: Rúmlega 100m² íbúð á efri hæð í parhúsi. Verð kr. 4.200.000.-. Bein sala, en skipti á einb. húsi koma til gr.

Stigahlíð 2 og 4: 2ja og 3ja herb. íbúðir. Verð: 1,5 til 3 milljónir.

Traðarland 29: 182 m² einbýlishús með innb. bílskúr. Verð kr. 8.600.00.

Vitastigur 21: 3ja herbergja íbúð á efri hæð.

Þjóðólfsvegur 16: 2ja herbergja

íbúð á 3. hæð. Laus. Verð kr. 1.300.000.-

Puridarbraut 9: 122m² einbýlishús ásamt 66m² bílskúr. Verð kr. 2.800.000.-. Laust.

FLATEYRI:

Hafnarstræti 23: 163m² einbýlishús ásamt 30m² bílskúr. Verð kr. 3.000.000.-. Laust.

BÍLDUDALUR:

Arnarbakki 1: 104m² einb. hús. Laust. Verð kr. 3.200.000.-

PATREKSFJÖRÐUR:

Aðalstræti 120: 140 m² sérhæð í tvíbýlishúsi.

Aðalstræti 51: 162 m² sérhæð. **Hjallar 10:** Rúmlega 200 m² einbýlishús. Mjög illa farið. Verð kr. 200.000.-

Sigtún 21: 115 m² raðhús.

Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum í vegamálum

Á Fjórðungsþingi Vestfirðinga í ágúst 1997 samþykktu vestfirskir sveitarstjórnarmenn nýja stefnu eða samgönguáætlun í vegamálum. Rúmlega ári fyrr var ákveðið að kjósa starfshóp til að endurskoða stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum frá 1976.

Starfshópurinn skilaði tilögum sem samþykktar voru á Fjórðungsþinginu 1997. Hann var skipaður þannig:

Þórólfur Halldórsson Patreksfirði, formaður, Jónas Ólafsson Þingeyri, Stefán Gíslason Hólmavík, Ólafur Kristjánsson Bolungarvík, Smári Haraldsson Ísafirði og Ágúst Kr. Björnsson Súðavík. Eftir að Stefán Gíslason lét af störfum kom Daði Kristjánsson á Hólmavík inn í starfshópin.

Skoðanir og stefna

Undanfarna daga hefur mátt

lesa um skoðanir manna á vegamálum á Vestfjörðum. Er það vel að menn setji fram áherslur sínar í þessum mikilvæga málaflokki. Staðsetning viðkomandi í fjórðungnum hefur auðvitað áhrif á skoðanir um leiðir og forgangsröðun. Við lestur þessara greina hefur undirrituðum þótt vanta upplýsingar um stefnu vestfirskra sveitarfélaga frá 1997. Það er mjög mikilvægt í samgöngumálum og samstarfi sveitarfélaga að marka skýra stefnu og vinna að því hörðum höndum að hún fari inn í samgönguáætlun Alþingis og fái nægjanlegt fjármagn til að hugmyndir verði að veruleika. Fyrir því hafa sveitarstjórnarmenn beitt sér með stefnu-mótun sína að vopni.

Sveitarfélögin Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur og Hólmavíkurhreppur gerðu sameiginlega bókun á dögum, þar sem leið um Arnkötludal sem og hröðun framkvæmda við Djúp var helsta inntak bókunarinnar. Þessi samþykkt sveitarfélaganna var í fullu samræmi við stefnuna frá 1997.

Samgönguáætlun vestfirskra sveitarfélaga frá 1997

Starfshópurinn sem kosinn var til að koma með tillögu að samgönguáætlun á Fjórðungsþingi 1997 vann mikið starf undir öflugri forystu Þórólfs Halldórssonar sýslumanns á Patreksfirði. Undir-

ritaður starfaði með hópnum sem þáverandi framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga og starfsmenn Vegagerðarinnar voru hópnum innan handar með ráðgjöf og upplýsingar.

Í áætluninni er sett upp 10 ára framkvæmdatímabil og gerð tillaga að röðun framkvæmda 1998-2007. Komið hefur í ljós að ekki næst að ljúka framkvæmdum á þeim árum sem eru tilgreind í áætluninni en þess má þá vænta að framkvæmdir færist til í samræmi við það.

Helstu niðurstöður í áætluninni:

1. Ísafjarðardjúp, ljúka vegalagningu á árunum 1998-2005
 2. Barðastrandasýsla (Flókalundur-Bjarkalundur), ljúka vegalagninu á árunum 1999-2007.
 3. Dynjandisheiði (Flókalundur-Mjólká), ljúka vegalagningu á árunum 2001-2007.
 4. Arnkötludalur-Gautsdalur, ljúka vegalagningu á árunum 2001-2004.
 5. Jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar eftir 2007 en þá var reiknað með að ofangreindum framkvæmdum væri lokið.
- Í skýrslu samgönguhópsins segir um Arnkötludal: „Það er samdóma álit starfshópsins að nýr vegur um Arnkötludal og Gautsdal hafi yfirburði yfir aðra valkosti. Vegurinn sam-einar þá kosti sem engin önnur vegtenging Reykhólasveitar við Strandir og Djúp gerir, að stytta verulega för tveggja

„nýr vegur um Arnkötludal og Gautsdal hefur yfirburði yfir aðra valkosti“



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar skrifar

samgöngusvæða að hringveginum og tengja um leið þriðja svæðið við hin tvö. Með þverun Gilsfjarðar gerir vegur um Arnkötludal frekar en að bygga upp fullkominn veg suður Strandir enda leiðin rúmlega 40 km. styttri og svipaður kostnaður við hana eða aðeins minni en að bygga upp nýjan veg suður í Hrútafjörð.

Meginhugmyndin er sú að ljúka vegagerð um Djúp og Barðastrandasýslu áður en norður- og suðursvæði Vestfjarða er tengt saman. Ástæðan er sú að hver kílómetur sem bætter er í Djúpi eða í Barðastrandasýslu nýstist vegfarendum strax og að skv. jarðgangaáætlun var á þessum tíma ekki von til þess að byrjað yrði á jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

Stefnu vestfirskra sveitarfélaga frá 1997 hefur aðeins verið lýst hér. Hún er forgangsröðun sveitarfélaganna í samgöngumálum innan fjórðungsins. Samkvæmt henni er samstaða um að vegur skuli lagður um Arnkötludal. Þess vegna er samþykkt sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum og Hólmavíkurhrepps aðeins ítrekun á þessari stefnu. Þingmenn munu taka ákvörðun um hvernig þeim milljarði, sem nú var bætt til samgöngumála á Vestfjörðum, verður varið. Eðlilegt er að gera þá kröfu til þingmanna að þeir taki tillit til stefnu sveitarfélaganna í samgöngumálum. Niðurstöðuna verðum við svo að setta okkur við og halda áfram að berjast fyrir auknu fjármagni til vegamála á Vestfjörðum því það vantar nokkra milljarða í viðbót við þennan eina sem nú bætist við.

fjarðar fyrr en a.m.k. tveimur öðrum göngum væri lokið, þ.e. á Austur- og Norðurlandi. Þetta hefur ekki breyst að öðru leyti en því að engum datt í hug á árinu 1997 að árið 2003 myndi renna upp án þess að framkvæmdir væru hafnar við önnur hvor göngin.

Göng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar koma heldur ekki að fullum notum fyrr en vegagerð í báðar áttir frá þeim er að fullu lokið segir í áliti starfshópsins.

Síðan hafa framkvæmdir tekið lengri tíma en áætlunin gerir ráð fyrir, m.a. vegna þess að kröfur til vega aukast sífellt og þeir verða dýrari og einnig vegna þess að mikil átök eru á Alþingi um framlög til vegamála. Þar vill hvert landsvæði fá sitt og rúmlega það.

Sameiginleg stefna er lykill að samstöðu

Stefnu vestfirskra sveitarfélaga frá 1997 hefur aðeins verið lýst hér. Hún er forgangsröðun sveitarfélaganna í samgöngumálum innan fjórðungsins. Samkvæmt henni er samstaða um að vegur skuli lagður um Arnkötludal. Þess vegna er samþykkt sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum og Hólmavíkurhrepps aðeins ítrekun á þessari stefnu. Þingmenn munu taka ákvörðun um hvernig þeim milljarði, sem nú var bætt til samgöngumála á Vestfjörðum, verður varið. Eðlilegt er að gera þá kröfu til þingmanna að þeir taki tillit til stefnu sveitarfélaganna í samgöngumálum. Niðurstöðuna verðum við svo að setta okkur við og halda áfram að berjast fyrir auknu fjármagni til vegamála á Vestfjörðum því það vantar nokkra milljarða í viðbót við þennan eina sem nú bætist við.

Það er mikið verk óunnið í samgöngumálum á Vestfjörðum. Því er sameiginleg stefna nauðsynleg sem lykill að samstöðu og samstaða vestfirskra sveitarfélaga er lykill að árangri.

– Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi

Dökkt útlit framundan?

Konráð Eggertsson rækjusjómáður á Ísafirði segir blikur vera á lofti varðandi framtíð rækjuveiða í Ísafjarðardjúpi. „Mér er búið að finna útlitið vera ansi dökkt síðustu árin. Svæðin sem rækjan veiðist á hafa verið að verið minnka. Það er svo sem ágætis veiði í dag en svæðin eru mjög þröng og þessi gömlu göðu svæði sem veitt hefur verið á gegnum tíðina eru alveg þurr. En þetta eru allt önnur veiðarfæri sem menn eru með í höndunum í dag, betri bátar og vel tækjum búinir, þannig að það er ekkert hægt að bera þetta saman við veiðina hérna áður fyrr“, segir Konráð.

Nú standa yfir rannsóknir á ástandi rækjustofnsins í Djúpinu. Hjalti Karlsson hjá Hafrannsóknastofnun á Ísafirði segir að niðurstöður þeirra ættu að liggja fyrir í lok þessarar viku. „Það er staðreynd að það er lítið af rækjunni. Núna í ár er þetta minnsti kvótinn í háa herrans tíð, þannig að það endurspeglar ástandið“, segir Hjalti.

Konráð Eggertsson segir að rækjuveiðin í Djúpinu sýni svipuð einkenni og á öðrum stöðum þar sem innfjarðarækjustofnar hafa hrunið. „Þetta endaði svona hjá þeim á Skjálfandanum og á Húnaflóa“, segir Konráð Eggertsson.

STAKKUR SKRIFAR

Kosningaskjálfti

Hinir pólitísku skjálftamælar er farnir að titra nokkuð, þótt enn séu engir stórskjálftar mælanlegir. Um er að ræða fremur mjúka hreyfingu, en þó hefur Framsóknarflokkurinn tekið af skarið eins og honum er þó lagið. Á flokksþingi hans á liðinni helgi tók Páll Pétursson á sig rögg og lýsti því öfyrdregið að hann myndi ekki styðja forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar. Guðni Ágústsson tvísté í Silfri Egils á sunnudaginn og tók undir yfirlýsingu samráðherra síns, en bar samt nokkuð vírnar í Samfylkinguna, enda háttur framsóknarmanna að halda öllum leiðum opnum. Skoðanakannanir vekja ekki bjartsýni um árangur flokksins í komandi kosningum. Þó er nýjasta könnun Fréttablaðsins ljós í myrkrunu. Halldór, sem kosinn var glæsilegri kosningu til áframhaldandi formennsku, hefur lýst því yfir að hljóti flokkurinn ekki gott gengi muni hann ekki taka þátt í næstu ríkisstjórn. Skilaboðin eru skýr. Kjósið okkur eða við verðum ekki með, undanskilið: Þetta gengur ekki án okkar.

Forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar gerði lítið úr málfutningi Halldórs Ásgrímssonar, sem taldi að Össur ætti að segja af sér sem formaður í núverandi pólitískri stöðu sinni. En hún gleymir því að samstarfsflokkarnir í borgarstjórn Reykjavíkur, Vinstri grænir og Framsóknarflokkurinn áttu ekki marga kosti í stöðunni þegar hún var orðinn að forsætisráðherraefni stærsta flokksins, er hafði fram að því setið sem óháður fulltrúi á R listanum í borgarstjórn. Þeir urðu að leika með. Þegar að því kemur að nefndir flokkar herða á sér í kosningabaráttunni munu þeir að sjálfsögðu einnig beina spjótum sínum að Sam-

fylkingunni. Þeir eiga ekki annan kost, því bersýnilega, ef marka má skoðanakannanir, hefur hluti fylgis þeirra leitað yfir í Samfylkinguna. Nýr borgarstjóri hefur tekið afar hreina og sterka pólitíska afstöðu með R listanum enda var aldrei von á öðru, þangað sækir hann umboð sitt. Hitt er annað mál að það er afar ósannfærandi að maður sem kemur úr viðskiptalífínu í borgarstjórastól skuli neita að horfast í augu við gríðarlega skuldasöfnun Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga landsbyggðar, sem ekki eiga digra sjóði að ganga í.


Ekki er við neinu öðru að búast en stórskjálftum þegar nær dregur kosningum. Nú stefnir allt í þá áttina að átökin snúist fyrst og fremst um Reykjavík. Þar eru formennirnir og forsætisráðherraefnin þrjú, því Davíð Oddsson gegnir því hlutverki af hálfu Sjálfstæðisflokks. Stærstu tíðindin eru þó að Samfylking og Framsóknarflokkur hafa gefist upp á því að halda aðild að Evrópusambandinu sem kosningamáli. Það er svolítið fyndið að hugsa til þess að Samfylkingin skuli elta Sjálfstæðisflokkinn í þessu efni, sem öðrum, og Framsókn fylgja á eftir. Enda er með öllu óreynt hver raunverulegur áhugi íslenskra kjósenda er á aðild, sem þó myndi gagnast landsbyggðinni. Í komandi átökum er hætt við því, að málefni hennar verði fremur neðarlega á blaði. Það er vont.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum *Stakks* á meðan hann notar dulnefni sitt.

Færri komust að en vildu á Góublót Súgfirðinga

Súgfirðingar blótuðu góu í félagsheimilinu á Suðureyri á laugardag. Komust færri að en vildu en um 160 manns sátu undir borðum. Hefð er fyrir því á Suðureyri að konur á staðnum standi fyrir þorrablót annað hvert ár og svara karlarnir fyrir sig hin árin með góublóti.

Hefðbundnar þorraveitingar eru hafðar um hönd og tóku Súgfirðingar hraustlega til við að tæma trogin. Hin prýilegasta dagsskrá var fram eftir kvöldi og þóttu skemmtiatriði takast vel. Gleðinni var þó engan vegin lokið því að borðhaldi loknu var salurinn rýmdur og gestir tjúttuðu fram á nótt við spil þeirra Þórunnar Snorradóttir og Jóns Hallfreðs Engilbertssonar. Fleiri myndir af góufagnaðinum, sem Páll Önundarson tók, munu birtast á svipmyndum á bb.is í vikunni.



Keramik fyrir alla

Viltu stofna keramikklúbb?

Námskeiðið verður haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði flimmtu-daginn 6. mars frá kl. 19-23.

Allt Innifalið!

Skráning er í síma 552 2882 og hjá Rammagerð Ísafjarðar, sími 456 3041. Sjá nánar keramik.is.

Keramik fyrir alla kemur nú til Ísafjarðar. Skemmtilegt námskeið sem kennir auðveldar aðferðir við skreytingu nytjahluta úr leir (bollar, diskar, skálar o.fl.). Góð leiðsögn í meðferð glerunga og fjölbreyttar aðferðir, sem skila ótrúlegum árangri. Þátttakendur mála tvo hluti á námskeiðinu og í lok þess fá þeir viðurkenningu, sem gerir þeim fært að stofna eigin keramikklúbb við Keramik fyrir alla.

Hvað er keramikklúbbur? Þú ræður!

Keramik fyrir alla býður þjónustu og leiðsögn fyrir hópa, hvar sem er á landinu, sem vilja skemmta sér við þessa frábæru iðju. Munir, litir, penslar, leiðsögn, magnafsláttur. Allt þetta fylgir samvinnu við Keramik fyrir alla! Góð hugmynd að aukavinnu!

Keramik fyrir alla

helgargagnbólkin

skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf

smáar

Til sölu eða leigu er stórt einbýlishús að Móholti 9 á Ísafirði. Uppl. í síma 896 2880.

Til leigu er 60m² íbúð á jarðhæð á eyrinni á Ísafirði. Uppl. gefur Jón í síma 896 3387.

Óska eftir að kaupa notaðan hefilbekk. Upplýsingar í síma 456 4015.

Kæru vinir! Þið sem eigið svartan stuttan ullarfraka og voruð í Ísafjarðarkirkju laugardaginn 15. okt. eruð vinsamlega beðin um að athuga hvort ókunnur frakki hefur laumast í fataskápinn ykkar. Annar svipaður frakki hangir í kirkjunni og ratar ekki heim. Með fyrirfram þökk, Gunnar Friðfinnsson, sími 456 8144.

Óska eftir 90m² húsnæði eða stærri. Uppl. gefur Heiða í síma 692 1105 og 898 4595.

Óska eftir sófa fyrir lítinn pening eða gefins. Uppl. í sínum 867 2764 og 865 6469.

Til sölu er VW Passat árg. 97. Verð kr. 800 þús. Upplýsingar í síma 847 3428.

Til leigu er 50m² einbýlishús í Hnífsdal. Nýstandsett að utan og innan. Öll húsgögn fylgja. Uppl. í síma 690 9053.

Halló! Er ekki einhver sem langar að breyta til með hækkandi sól og skipta um húsnæði. Okkur bráðvantar einbýlishús í góðu standi með bílskúr. Hafið samband við Dadda eða Pálinu í síma 456 4125.

Vill einhver passa 3ja ára stráka, tímabundið allan daginn. A sama stað vantar barnarúm. Upplýsingar í sínum 587 5079 þg 867 6810.

Vantar barnaskíði fyrir 4ra ára og 7 ára. Einnig vantar klossa nr. 31-32 og 28-30. Uppl. í síma 894 4211 (Þuríður) og 867 4956 (Jón Páll).

Til sölu eru páfagaukar í búri. Uppl. í síma 898 1619.

Til sölu er Opel Corsa árg. 00, ekkinn 40 þús. km. Uppl. í síma 456 4510 eftir kl. 17.

Óska eftir að kaupa eða leigja vel með farna 4ra herb. íbúð eða einbýlishús með bílskúr á Ísafirði, helst á eyrinni. Uppl. í síma 456 6195 og 896 6195.

Til sölu er vel útlítandi rimlarú. Verð kr. 6.000. Uppl. í síma 456 5057.

Til sölu er nýleg Elna saumavél. Uppl. í síma 456 3478.

Til sölu er einbýlishús á eyrinni á Ísafirði. Laust fljótlega. Uppl. í síma 456 6879 og 896 3579.

Óska eftir að kaupa notaðan Hókus-Pókus barnastól. Uppl. í síma 456 4014.

Fjórhljóladrifsíll ofsk. Uppl. í síma 456 7109 eftir kl. 19.

Til sölu er Suzuki Sidekick árg. 1995. 33" breytur. Fullt af aukahlutum. Tveir dekkjagangar fylgja með. Upplýsingar í síma 847 8531.

Til sölu er hálfís ars gamall, 122 cm á hæð, ísskápur, svefnsófi og gamla Pioneer græjur. Uppl. í sínum 660 6080 eða 660 6081.



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 28. febrúar

16.35 At
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þekkóla (7:26)
18.30 Falin myndavél (59:60)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Heim að Snæá. (Return to Snowy River) Áströlsk bíómynd frá 1998. Þegar Jim Craig snýr aftur á heimaslóðir sínar er margt breytt. Ríkisbubbi er að gera hósar sínar grænar fyrir gömlu kærstunni hans og pabbi hennar vill ekki sjá Jim aftur. *Áðalhlutverk: Tom Burlinson og Sigrid Thornton.*
21.50 Af fingrum fram. Jón Ólafsson spjallar við íslenska tónlistarmenn og sýnir myndbrot frá ferli þeirra. Gestur hans í þættinum í kvöld er Ellen Kristjánsdóttir.
22.30 Nixon. Bíómynd frá 1995 um Richard M. Nixon forseta Bandaríkjanna sem endaði stjórnarferil sinn með skömm. *Meðal leikenda eru Anthony Hopkins, Joan Allen, Powers Boothe, Ed Harris, Bob Hoskins, David Paymer, David Hyde Pierce, Paul Sorvino og James Woods.*
01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 1. mars

09.00 Morgunstundin okkar
09.02 Mummi bumba (9:65)
09.07 Andarteppa (9:26)
09.19 Bingur (9:13)
09.26 Maíla mús (48:54)
09.33 Undrahundurinn Merlín
09.43 Albertína ballerína (5:26)
09.55 Síggi og Gunnar (3:10)
10.00 Babar (64:63)
10.50 Viltu læra íslensku? (8:22)
11.10 Kastljósið
11.35 At
12.05 Geimskipið Enterprise
12.50 Mósaik
13.25 Hreysti
13.55 Snjúkross (1:10)
14.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í Þýsku úrvalsdeildinni.
16.20 Íslandsmótíð í handbolta. Bein útsending frá leik *Hauka* og *Pórs* í Essódeild karla.
17.05 Táknmálsfréttir
17.15 Íslandsmótíð í handbolta. Haukar-Þór, seinni hálfleikur.
18.00 Smart spejari (23:30)
18.25 Flygullurinn (7:16)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla Spaugstofan
20.25 Það er eitthvað við Mary. (There's something about Mary) Bandarísk gamanmynd frá 1998. Maður reður einkaspejara til þess að hafa uppi á æskuástinni sinni en ekki vill betur til en svo að spejariinn verður líka skotinn í henni. *Áðalhlutverk: Cameron Diaz, Matt Dillon og Ben Stiller.*
22.50 Taggart. (Taggart: Fire, Burn) Skott sakamála mynd þar sem artíkar Taggart sáuga og Jardines heitiss í rannsóknarlögreglunni í Strathclyde reyna að halda uppi merki þeirra í baráttunni við misindismenn. Atríði í myndinni eru ekki við hæfi barna. *Áðalhlutverk: Blythe Duff, Colin McCredie, John Michie og Alex Norton.*
00.30 Steingeit eitt. (Capricorn One) Bíómynd frá 1978. Allir heimurinn fylgja með fyrsta flugi mannsins til Mars en ekki er allt sem sýnist. *Áðalhlutverk: Elliott Gould, James Brolin, Brenda Vaccaro, Sam Waterston og O.J. Simpson.*
02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 2. mars

09.00 Morgunstundin okkar
09.01 Disneystundin
09.35 Guffagrín (4:19)
09.55 Bubbi byggir (19:26)
10.12 Snúðra og Tuðra (4:4)
10.25 Franklin (56:66)
10.50 Nýjasta tækni og vísindi
11.05 Vísindi fyrir alla (8:48)
11.15 Spaugstofan
11.40 Laugardagskvöld með Gísla
12.25 Mósaik
13.00 List flönnunar (2:2)
14.00 Af fingrum fram
14.40 Kurt Jooss
15.40 Græna borðið
16.30 Maður er nefndur
17.05 Markaregn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.25 Eva og Adam (4:8)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Ham - Lifandi dauðir. Heimildarmynd um hljómsveitina Ham sem var

ein vinsælasta hungarokkhljómsveit um árabíl með þá Ottar Proppé og Sigurjón Kjartansson í fararbroddi.
21.25 Vagg og velta (3:4)
22.05 Helgarsportíð
22.30 Dauðinn ber að dyrum. (Mortel transfert) Frönsk bíómynd frá 2000. Sálfræðingur sofnar meðan kona er í viðtali hjá honum. Þegar hann vaknar aftur hefur hún verið myrt og hann er í vanda staddur. Kykmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólk yngra en 16 ára. *Áðalhlutverk: Jean-Hugues Anglade, Hélène de Fougerolles, Miki Manojlovic og Valentina Sauter.*
00.30 Kastljósið
00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 28. febrúar

06.58 Ísland í bítíð
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í finu forni
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítíð
12.00 Neighbours
12.25 Í finu forni
12.40 Dharma & Greg (22:24)
13.00 The Education of Max
13.45 Fugitive (8:22)
14.25 Jag (9:24)
15.15 60 mínútur II
16.00 Smallville (4:21)
16.45 Barnatími Stöðvar 2
17.20 Neighbours
17.45 Buffy, the Vampire Slayer
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Friends (8:24)
20.00 Friends (9:24)
20.25 Of Centre (15:21)
20.50 The Osbournes (15:30). Djammið hjá Jack og Kelly er að fara úr böndunum, Sharon hitir föður sinn í fyrsta sinn í 20 ár og Ozzy sem er dottinni í burritos-át kemst að því að hann er orðinn afti og heldur áfram að háma í sig burritos.
21.15 American Idol
22.25 eXistenZ. Þjóðfélagið snýst orðið um ýmis konar tölvuleiki og eXistenZ er sá heitasti. Leikurinn er hins vegar svo góður að notendur hans geta varla greint á milli hans og raunveruleikans. Mögnuð framtíðarmynd sem er svo samflegja ógleymanleg. *Áðalhlutverk: Ian Holm, Jennifer Jason Leigh, Jude Law.*
00.00 Snatch. (Gripinn, gómaður, negldur) Þriggja stjarna glæpamynd, uppfall af skemmtilegum hlutum. Franky er krummi sem er að færa foringja sínum í New York risastóran demant. Á leiðinni flækist hann í svikamál í Lundnum. Það dregst að afhenda demantinn og yfirmannurinn fer að ókynrast. Er Franky sjálfur mesti svikahraupurinn eða er eðlileg skýring á hvarfi demantsins? *Áðalhlutverk: Dennis Farina, Brad Pitt, Benicio Del Toro, Vinnie Jones.*
01.40 The Watcher. (Á verði) Þessi spennutryllir fjallar um lögreglumann sem hefur lengi reynt að klöfesta fjölmörgingja. Að lokum gefst hann upp og flytur til annarrar borgar í þeirri vör að vandamál fortíðarinnar gleymist. Sú er ekki raunin því morðinginn eltir hann og sendir honum myndir af tilvondari fórnarlömbum sínum sama dag og hann hyggst drepa þau. Eitt fórnarlambanna er sálfræðingur lögreglumannsins og þá æxast leikar. *Áðalhlutverk: Keanu Reeves, James Spader, Marisa Tomei.*
03.15 Dangerous Beauty. (Hættuleg fegurð) Veronica Franco er ákveðin í að rísa úr lágstéttarumhverfi sínu í Feneyjum á 17. öld. Hún nýtir kynþokka sinn til hins ýtrasta og fer brátt að umgangast fína og fræga fólk. *Áðalhlutverk: Catherine McCormack, Jacqueline Bisset, Rufus Sewell.*
05.05 Friends (8:24)
05.25 Friends (9:24)
05.45 Ísland í dag, íþróttir, veður
06.10 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 1. mars

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 Konungur á tímaflakki
11.25 Yu Gi Oh (7:48)
11.50 Bold and the Beautiful
13.30 Viltu vinna milljón?
14.20 Alltaf í boltanum
14.45 Enski boltinn. Bein útsending.
17.05 Sjálfstætt fólk
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 High Heels and Low Lites. (Hár hælur og skíthælur) Bráðsmellin kvikmynd um tveir vinkonur sem leiðast út á hálán ís. Shannon og Frances komast á snóðir um áform glæpamanna sem hyggjast ræna banka í hverfinu þeirra. Við slíkar aðstaður myndu flestir hringja

Kvennasögur á Stöð 2

Glenn Close, Cameron Diaz, Calista Flockhart, Kathy Baker og Holly Hunter eru í hópi úrvælsleikara sem allar koma við sögu í kvikmyndinni *Things You Can Tell By Just Looking At Her* sem Stöð 2 sýnir kl. 21:45 á mánuðagskvöld. Í myndinni eru raktar fimm sögur ólíkra kvenna sem allar glíma við vandamál af einhverju tagi. Elaine helgar sig umönnun móður sinnar og missir af mörgum tækifærum. Rebecca er bankastjóri sem er með allt niður um sig í einkalífinu, Rose er einstæð móðir sem ihugar ástarsamband við dverg o.s.frv.

beint í lögregluna en ekki Shannon og Frances. Þær ákveða sjálfar að krækja í vana peningafólgu með því að hótara-ningjunum en vopnin snúast fljótt í höndunum á þeim. *Áðalhlutverk: Minnie Driver, Mary McCormack, Kevin Mc Nally, Mark Williams.*
20.55 Original Sin. (Holdið er veikt) Spennamynd af betri gerðinni. Luis Vargas er kúlværskur kaupskýslumaður sem auglýsir eftir konu. Hinn gallfella giga Julia Russell svarar kalli hans og þau gefa sig með það sama. En þegar einkaspejara skýtur upp hjá nýgiðu hjónunum fara að renna tæra grímur á Luis. Getur verið að eigin kona hans sé bálvaður svikahraupur eftir allt saman? *Áðalhlutverk: Antonio Banderas, Angelina Jolie, Thomas Jane.*
22.50 Holy Man. (Á Guðs vegum) Undarlegur náungi sem virðist ganga á guðs vegum malar gluf fyrir sjónvarpsframleiðendur. Hann selur vörur í sjónvarpsmarkaðnum og þrátt fyrir að hann prediki að fólk ætti frekar að snúa sér að andlegri mállefum í stað þess að kaupa merkingarlaus drasl þá rokkest allt sem hann kynnir. *Áðalhlutverk: Eddie Murphy, Jeff Goldblum, Kelly Preston, Robert Loggia.*
00.40 100 Girls. (100 stelpur) Þessi skemmtilega gamanmynd fjallar um Matthew sem er í framhaldsskóla og býr á heimavistinni. Dag einn er hann staddur í lyftu þegar rafmagnnið fer af. Hann er þó ekki einn því með honum er stúlka. Hann sér aldrei andlit hennar en verður ástfanginn af henni eftir nóttina. Þegar rafmagnnið kemst aftur á er stúlkan farin. Það eina sem hann komst að er að hún býr ásamt 99 öðrum stelpum á stúlknavistinni. Hann er staðráðinn í að hafa uppi á draumadísinni sama hvað það kostar! *Áðalhlutverk: Jonathan Tucker, Emmanuelle Chriqui, Lisa Oleynek.*
02.10 Misery. (Eynd) Metsólúhöfundurinn Paul Sheldon lendir í umferðaröð þarri mannabyggð. Það verður honum til happs að Annie Wilkes verður á vegi hans en svo skemmtilega vill til að hún er ákafur aðdandi einnar persónu rithöfundarins. Annie hlóir að Paul heima hjá sér en brátt verður honum ljóst að aðdáan hennar er hafin yfir öll skynsamleg mörk. Kathy Bates fékk Óskarið fyrir frammistöðu sína í myndinni. *Áðalhlutverk: Kathy Bates, James Caan.*
03.55 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 2. mars

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Neighbours
13.50 60 mínútur
14.35 Normal, Ohio (7:12)
15.00 Tom's Midnight Garden
16.40 Naked Chef 2 (3:9)
17.10 Einn, tveir og elda
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Viltu vinna milljón?
20.20 Sjálfstætt fólk
20.50 Twenty Four (6:24) (24) Jack yfirheyrir Ninu og Palmer kemst að því að einhver hefur gefið grænt ljós á hernaðaraðgerðir án þess að bera það undir



hann. Kim rænir Megan af sjúkrahúsinu og Reza veitir Tony upplýsingar sem koma á óvart.
21.35 Boomtown (6:22)
22.20 60 mínútur
23.05 Girl, Interrupted. (Trifluð stelpa) Mögnuð kvikmynd sem færði Angelinu Jolie Óskarsverðlaunin. Sagan gerist í Bandaríkjunum eftir miðjan sjúnda áratuginn. Susanna er 17 ára stúlka sem á erftítt með að ná fótum í lífinu. Hún er vistuð á geðsjúkrahúsi þar sem sjúklingarnir eiga við ólík vandamál að stríða. Lisa er í þeim hópi en kynnin við hana hafa djúpstæð áhrif á Susönnu. *Áðalhlutverk: Winona Ryder, Angelina Jolie, Clea DuVall, Whoopi Goldberg.*
01.10 Silent Witness (8:8) (Þögultviti) Eftir uppgötvanir sem Sam gerir á líka Gabby Langton grunar hana æ meir félagi Ottey í löggummi um að vera morðingjann. Ben Manning er eyðilagður eftir dauða kærstunnar sinnar og Harry þarf að glíma við stóra síðferðis- og samviskuspurningu.
02.00 The Wire (2:13) (Söluverndandans) Vitni sem bar vitni gegn D'Angelo við réttarhöldin hans finnst myrt

og löggan sækir D'Angelo til yfirheyrslu. Greggs löggá kemst yfir mikilvægar upplýsingar um innra net glæpagengis.
02.55 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 28. febrúar

18.00 Sportíð með Ólís
18.30 Football Week UK. Nýjustu fréttirnar úr enska boltanum.
19.00 Trans World Sport
20.00 4-2
21.00 Desperate Measures. (Örþrifu-ráð) Hörkuspennandi tryllir um lögreglumann sem neyðist til að vernda stórhættulegan morðingja þar sem hann er sá eini sem getur gefið fátækum syni hans beinmærg. Þegar morðinginn strýkur þarf lögreglumaðurinn að hafa uppi á honum hvað sem það kostar. *Áðalhlutverk: Michael Keaton, Andy Garcia.*
22.35 South Park (14:17)

SPORTIÐ Í BEINNI...



Sjónvarpið

Laugardagur 1. mars kl. 14:25

Þýski boltinn: Leikur óákveðinn

Laugardagur 2. mars kl. 16:20

Íslandsmótíð í handbolta karla: Haukar – Þór

Sýn

Miðvikudagur 26. febrúar kl. 19:30

Meistaradeild Evrópu: Ajax – Arsenal

Miðvikudagur 26. febrúar kl. 21:40

Meistaradeild Evrópu: Newcastle – Bayer Leverkusen

Laugardagur 1. mars kl. 12:15

Enski boltinn: Newcastle – Chelsea

Laugardagur 1. mars kl. 20:20

Spænski boltinn: Alaves – Real Madrid

Laugardagur 1. mars kl. 02:00

Hnefaleikar: John Ruis gegn Roy Jones jr.

Sunnudagur 2. mars kl. 11:45

Enski boltinn: Arsenal – Charlton Athletic

Sunnudagur 2. mars kl. 13:55

Enski boltinn: Liverpool – Manchester United

Mánudagur 3. mars kl. 19:50

Enski boltinn: Aston Villa – Birmingham

Stöð 2

Laugardagur 1. mars kl. 14:45

Enski boltinn: West Ham – Tottenham

Hasarmynd með Vin Diesel

Vin Diesel, Paul Walker, Michelle Rodriguez og Jordana Brewster leika aðalhlutverkin í hasarmyndinni The Fast And The Furious sem Stöð 2 sýnir kl. 20:55 á laugardagskvöld. Dominic Toretto er kaldur karl sem stundar kappakstur á götum Los Angeles sér til dægrastyttingar. Hópur fólks fylgist með þessu ólöglega athæfi af miklum áhuga en falsverðar fjárhæðir eru lagðar undir. Brian O´Connor er nýjasti ókuþórinn í þessum geira en hann vill ómur sanna sig fyrir Toretto og félögum hans.

23.00 4-4-2

23.55 Alien Nation: The Enemy Within (*Óvinurinn*) Sjónvarpsmynd byggð á kvikmynd um fyrstu stig sambáðar geimvera og mannkyns á jörðinni. Lögreglan er nú skipuð mannumverum jafnt sem geimverum og mikilvægt að snúa bókum saman á órlagastundu. *Aðalhlutverk: Chris Chinchilla, Gary Graham, Joe Lando.*

01.25 Eruption.(*Eldgosið*)Sam Hunter er bandarískur blaðamaður sem heldur til Suður-Ameríku undir því yfirskini að fjalla um heimsókn páfans til San Pedro. Tilgangur ferðarinnar er hins vegar sá að ná tali af uppreisnarforingjanum Marcos en það er enginn hegðarleikur með hérinn á eftir sér og eldfjall í nágrenninu sem er með bil að fara að gjósa. *Aðalhlutverk: Cyril O'Reilly, Patricia Velazquez, F. Murray Abraham.*

03.00 Dagskrárlok og skjáleikir

Laugardagur 1. mars

12.15 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Newcastle United* og *Chelsea*.

14.30 4-4-2

15.30 Trans World Sport

16.30 Fastrax 2002

17.00 Toppleikir

18.50 Lottó

19.00 Nash Bridges IV (4:24)

19.45 Spænski boltinn.Bein útsending, **22.00 Die Hard With a Vengeance.** (*A tæpasta vaði III*) Háspennumynd um lögreglumanninn John McClane sem kallar ekki allt ömmu sína þegar þrjátíur og misíndisinn eru annars vegar. McClane mætir aftur til starfa þegar geðbíladaur sprengjumaður fer að hrella íbúa í New York. *Aðalhlutverk: Bruce Willis, Jeremy Irons, Samuel L. Jackson.*

00.00 Hnefaleikar - Mike Tyson

02.00 John Ruiz - Roy Jones Jr. Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mætast eru *John Ruiz* og *Roy Jones Jr.*

05.00 Dagskrárlok og skjáleikir

Sunnudagur 2. mars

11.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Arsenal* og *Charlton Athletic*.

13.55 Enski boltinn. Bein útsending frá úrslitaleik *Liverpool* og *Manchester United* í deildabikarkeppninni.

16.30 Football Week UK

17.00 Meistaradeild Evrópu. Farið er yfir leiki síðustu umferðar og spáð í spil-in fyrir þá næstu.

18.00 NBA. Bein útsending frá leik *New Jersey Nets* og *Utah Jazz*.

20.30 US PGA Tour 2003

21.30 European PGA Tour 2003

22.30 John Ruiz - Roy Jones Jr.

00.30 Farling Shots. (*Gott á ýkkur*) Gamannmynd um ljósmyndarann Harry Sterndale sem er dauðvona. Harry er nýbúinn að fá þær fréttir að hann sé með krabbamein en læknamir gefa honum þrjá mánuði til viðbótar í þessu jarðbríki. Harry er niðurbrotinn og lítur yfir líf sitt. *Aðalhlutverk: Chris Rea, Felicity Kendal, Bob Hoskins, Ben Kingsley, John Cleeve.*

02.05 Dagskrárlok og skjáleikir



Föstudagur 28. febrúar

18:30 Cybernet (e)

19:00 Guinness World Records (e)

20:00 Grounded for life. Finnerty fjölskyldan er langt frá því að vera venjuleg en hjónin Sean og Claudia gera sitt besta til að gera börnin sín þrjú að heiðvirðum borgurum með aðstoð misjafnlega óhæfra ettingja sinna... Sprenglæglegir gamanþættir um fjölskyldulíf í víðara samhengi...

20:30 Popp & Kók. Farið verður í heimsóknir til tónlistarunnenda og skoðað hjá þeim plötusafnið, einnig verður fylgst með gerð nýrra tónlistar-myndbanda, spjallað verður við nýjar og upprennandi hljómsveitir en einnig verður leitað í reynsluleim hjá þeim eldri. Að sjálfsögðu verður fylgst með tónlistartengdum uppkömum. Um-tónarmenn þáttarins eru þeir Ómar Órn Hauksson í Quarashi og Birgir Nielsen úr Landi og sonum. Hvorugur þeirra hef-ur starfað við sjónvarpsgerð áður en eins og gefur að skilja eru þeir á heimavelli hvað varðar viðfangsefni þáttarins. Vissulega hafa þeir Ómar og Biggi ólíkan bakgrunn en eins og áhorfendur munu fá að sjá á föstudagskvöld-um þá ná þeir ótrúlegri stemningu saman og munu höfða vel til allra tónlist-arunnenda nær og fjar.

20:55 Haukur í horni

21:00 Law & Order SVU. Bandarískir sakamálaþættir með New York sem söguðvíð. Þættirnir eru tvískiptir, í fyrri hlutanum er fylgst með lögreglu-mönnum við rannsókn mála og er þar hinn gamalreynði Lennie Briscoe fremstur í flokki en seinni hlutinn er lagður undir réttarhöld þar sem hinir meintu sakamenn eru sóttir til saka af einvalaliði saksóknara en oft gengur jafn brögulega að koma hinum grunuðu í fangelsi og að handsama þá.

22:00 Djúpa laugin. Í Djúpu lauginni sýna Íslendingar af öllum stærðum og gerðum sínar bestu hliðar í von um að komast á stefnumót. Leikurinn gengur út á að einn keppandi spyr þrjá einstaklinga af gagnsteðna kyninu margvíslegra spurninga, án þess að fá að hitta þá, og sá sem svarar best fyrir sig fær spenandi stefnumót og óvissuferð með spyrjandanum að launum

23:00 Everybody Loves Raymond

23:30 The Dead Zone (e) Johnny Smith vaknar úr dái og uppgötvur sér til mikillar skelfingar að allar minningar um fyrra líf hans eru horfnar honum úr minni. En þótt hann viti ekki hver hann er, hvar hann er eða af hverju, getur hann sagt fyrir um ótrúlegustu hluti aðra. Spennuþættir gerðir eftir sögu Stephen King.

00:20 Jay Leno

01:40 Dagskrárlok

Laugardagur 1. mars

12:30 Mótör (e)Umsjónarmaður Mót-ors er Karl Gunnlaugsson Formúlu-spekúlant og ökuakappi, ferir áhorfend-um nýjstu fréttir úr mótörheimum, skoða forvitnileg fararteki og fylgjast með flíldjörfum og framtakssömum ökuönnum

13:00 Dateline (e)

14:00 Jay Leno (e)

15:00 Ladies Man (e)

15:30 Everybody Loves Raymond

16:00 Djúpa laugin (e)

17:00 Survivor Amazon.Hulunni var svipt af því hverjir munu keppa í þáttaröðinni Survivor: Amazon. Þhenni munu 16 Bandaríkjamenn búa við Rio Negro, afskekta á í miðjum Amazon-frumskóginum í upphafi rigningartímabilsins. Hittirn er geyplægur, þeim er ógnað af flöðum og mannæturiskum, villiköttum, bakkadrekkum og risalöng-

um og Mark Brunett en hann mun kynna nýjar reglur til sögunnar. Karlar munu nú berjast gegn konum

19:00 Fólk með Sirrý (e)

20:00 Leap Years. Astir - vinátta og frami - vinir sem þroskast sundur og saman en breytast í botn og grunn ekki...

Fylgst með hópi vina á þremur skeiðum í lífi þeirri; 1993, 2001 og í framtíðinni; 2008.

21:00 Íslensk kvikmynd

22:30 Law & Order SVU (e) Bandarískir sakamálaþættir með New York sem söguðvíð. Þættirnir eru tvískiptir; í fyrri hlutanum er fylgst með lögreglumönnum við rannsókn mála og er þar hinn gamalreynði Lennie Briscoe fremstur í flokki en seinni hlutinn er lagður undir réttarhöld þar sem hinir meintu sakamenn eru sóttir til saka af einvalaliði saksóknara en oft gengur jafn brögulega að koma hinum grunuðu í fangelsi og að handsama þá

22:30 Philly (e). Kim Delaney fer með hlutverk háspennulögræðings sem berst fyrir tilveru sinni í hörðum heimi laga, réttar og fjölskyldulífs. Magnað laga-drama um konu á framabraut sem reynir að veita dóttur sinni samilegt upplífi og heilbriget fjölskyldulíf þrátt fyrir annir.

00:10 Tívfaldur Jay Leno (e)

01:40 Dagskrárlok

Sunnudagur 2. mars

12:30 Silfur Egils

14:00 The Drew Carrey Show (e)

14:30 The King of Queens (e)

15:00 Charmed (e)

16:00 Judging Amy – Lokapáttur (e) Hinir vinsælu þættir um fjölskyldumála-dómara Amy Gray og við fáum að njóta þess að sjá Amy, Maxine, Peter og Vincent kljást við margháttu vandamál í bæði starfi og leik.

17:00 Innlit/útlit (e)

18:00 The Bachelor 2 (e)

19:00 Popp og Kók - Nýtt(e)

19:30 Cybernet – Lokapáttur 20:00 **Dateline – Lokapáttur** Dateline er margverðlaunaður, fréttaskýringa-þáttur á dagskrá NBC sjónvarpsstöðvar-innar í Bandaríkjunum. Þættirnir hafa unnið til fjölda viðurkenninga og eru nær alltaf á topp 20 listanum í Bandaríkjunum yfir áhorf í sjónvarpi. Stjórndendur þáttarins eru allir mjög þekktir og virtir frétta-menn eins og Tom Brokaw, Stone Phillips og Maria Shriver

21:00 Practice. Margverðlaunað laga-drama framleitt af David E. Kelley sem fjallar um líf og störf verjendanna á stof-umí Donnell, Young, Dole & Fruitt og andstæðing þeirra saksóknarann Helen Gamble sem er jafn umfram um að koma skjólstæðingum verjendanna í fangelsi og þeim er að hindra það

21:50 Silfur Egils (e) Silfur Egils hefur fest sig í sessi sem mikils metinn vett-vangur pólitískrar og málefnalegrar um-ræðu og hefur frá upphafi verið einn um-talaðasti sjónvarpsþáttur landsins; fjör-mikill, skemmtilegur og óháður. Egill Helgason kafar undir yfirborðið, hristir upp í mönnum og málefnum með bein-skeyttri og fróðlegri umræðu.

23:20 Listin að lífa (e)

0:10 Dagskrárlok

bb.is – þessi eini sanni!

Hvað er að ske? Á helginni
28. feb. - 3. mars.

Hið árlega
GRÍMUBALL
KFÍ og ÍSFÓLKXSINS
Í KRÚSINNI
laugardagskvöldið 1. mars frá kl. 23-03

Eighties ball með
EIDÍSI

Allir velkomnir
Mætið snemma!!
Kosið verður um flottustu
búningana til kl. 01:00
Fullt af frábærum tilboðum á barnum

**WOODY'S
HELGI**
Föstudags- og laugardagskvöld

Allir í bíó um helgina

Tilboð Miðaverð 400 krónur

jackass
The movie

iSPY

Fimmtudag kl 8
Föstudag kl 8

Sunnudag kl 8
Mánudag kl 8

veðrið

Horfur á fimmtudag:

Austlæg átt, 8-13 m/s sunnantil, en heldur hæg-ari norðantil. Rigning eða súld víða um land, síst á Norðausturlandi. Hiti 3-8 stig.

Horfur á föstudag:

Suðaustlæg átt og rigning eða súld sunnan- og aust-anlands, en annars skjý-að með köflum og úr-komulíði. Hiti breytist lítið.

Horfur á laugardag:

Suðaustlæg átt og rigning eða súld sunnan- og aust-anlands, en annars skjý-að með köflum og úr-komulíði. Hiti breytist lítið.

Horfur á sunnudag:

Suðaustlæg átt og rigning eða súld sunnan- og aust-anlands, en annars skjý-að með köflum og úr-komulíði. Hiti breytist lítið.

Horfur á mánudag:

Norðaustlæg átt, snjó-koma eða slydda víða um land og hiti frá frostmarki upp í 5 stig.

kirkja

Suðureyrarkirkja:

Kirkjuskóli kl. 11:11 á sunnudag.

Súðavíkurkirkja:

Fjölskylduguðspjónusta á æskulýðsdaginn kl. 14.

Flateyrarkirkja:

Kirkjuskóli barnanna kl. 12:45 á laugardag.

fréttir

Níu stöðvaðir fyrir hraðakstur

Lögreglan á Ísafirði hafði afskipti af níu ökuönnum í síðustu viku sem öku yfir leyfilegum hámarkshraða.

Flestir voru stöðvaðir á Skutulsfjarðarbraut. Þá voru fjórir ökumenn stöðv-aðir sem reyndust ekki vera með ljósabúnað bif-reiða sinna í lagi og eig-endur tveggja bifreiða mega búast við sektum þar sem þeir létu hjá líða að færa bifreiðar sínar til lögbundinnar skoðunar. Aðfaranótt sunnudags gisti fullorðinn maður fanga-geymslu lögreglunnar vegna ölvunar og óspekta



Birgitta Haukdal heillaði unga fólkið

Hátt á fimmta hundrað manns voru samankomnir í íþróttahúsinu á Torfnesi á laugardag til að hlýða á tónleika hljómsveitarinnar Írafars. Það var KFÍ sem stóð fyrir tónleikunum sem þóttu takast hið besta. Greinilegt er að Írafar með Birgittu Haukdal, tilvonandi Evróvísjónfara og ísfirka bassaleikarann Sigurð Samúelsson í broddi

fylkingar, nýtur mikillar hylli hér fyrir vestan. Sérstaklega þykja þau ná vel til unga fólksins og munu „Birgittu fléttur“ vera orðnar það allra heitasta í hártísku ungmeyja í dag. Það voru brosléit andlit sem gengu út úr íþróttahúsinu eftir heilmikið upplapp og fagnaðarlæti. Síðar um kvöldið lék hljómsveitin á dansleik í Sjallanum.

Stuttar af bb.is

Lenti á ljósa- staur á Óshlíð

Litlu munaði að illa færi þegar fólksbíll með einn farþega auk ökumanns skrikaði til í krapa við Seljadal á Óshlíðarvegi milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur á föstudag. Bíllinn lenti á ljósa-staur sjávarmegin við veginn og mun hafa skemmst töluvert en ekki urðu slys á þeim sem í bílnum voru. Lögreglan á Ísafirði telur það lán í óláni að bíllinn skyldi stöðvast á staurnum á brúninni því að þarna er mjög bratt niður og hefði getað farið miklu verr.

Guðmundur hættir störfum

Guðmundur Þorkelsson, skólastjóri Grunnskólans á Þingeyri, hefur látið af starfi að eigin ósk. Á síðasta fundi fræðslu-nefndar Ísafjarðarbæjar var honum þakkað samstarfið á liðnum árum og óskað velfarnaðar í nýju starfi. Fræðslunefnd mun leggja tillögu um ráðningu nýs skólastjóra á Þingeyri frá og með næstu mánaðamótum fyrir fund bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í þessari viku. Ekki verður gefið upp fyrr en þá með hverjum fræðslunefnd mælir í starfið.

Sjöundi hluti tekna er arður

Súðavíkurhreppur, sem er stór hluthafi í Hraðfrystihúsinu – Gunnvöru hf. fær arðgreiðslu upp á 18 milljónir króna á næstu dögum eða rúmum 11,5 milljónum krónum meira en á síðasta ári en þá námu þær 6,5 milljónum króna. Munar um minna fyrir hreppinn því að arðgreiðslurnar nema u.þ.b. helmingi af rekstrarkostnaði hreppsins vegna fræðslu- og uppeldismála eða u.þ.b. sjöunda hluta af heildartekjum hreppsins. Kom þetta fram við seinni umræðu um fjárhagsáætlun hreppsins sem samþykkt var 14. febrúar s.l.

bb.is – þessi
eini
sanni!

Vestfirðir vekja athygli á „grænni“ ferðakaupstefnu í Hannover

„Græni“ vinkillinn er forskot fyrir Vestfirði

– að mati Dorothee Lubecki, ferðamálafulltrúa Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða

Dorothee [Dóra] Lubecki, ferðamálafulltrúi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Rúnar Óli Karlsson, atvinnu- og staðardagskrárfulltrúi Ísafjarðarbæjar, sóttu um síðustu mánaðarmót alþjóðlega ferðakaupstefnu í Hannover í Þýskalandi sem hefur þá sérstöðu að einblína á sjálfbæra eða „græna“ ferðamennsku.

„Mér finnst þessi græni vinkill vera forskot fyrir Vestfirði umfram aðra staði á Íslandi og í Skandinavíu. Það er alltaf erfitt að meta árangur af svona kaupstefnum en maður finnur viðbrögð frá fólki, bæði sem ætla að fara og þeim sem eru búnir að fara og það gefur okkur ákveðnar vísbendingar“, segir Dóra.

Á sýningunni héldu Rúnar og Dóra þrjá fyrirlestra um Vestfirði. „Við vorum með myndskyggnur og fjölluðum



Hinn vinsæli ferðamannastaður Vigur í Ísafjarðardjúpi.

um Vestfirði í heild, um kajaksiglingar og um hestaferðir. Sérstaklega var almennt fyrirlesturinn okkar vel sóttur en þar voru um 70 til 80 manns sem er mjög gott. Við tæmdu líka bæklingakassana okkar og það er alltaf ákveðinn mælikvarði. Þessir ferðamenn

eru mjög ákveðnir í því hvað þeim finnst spennandi og hvað ekki“, segir Dóra.

Vestfirðir vöktu athygli á sýningunni sem grænn staður. „Við vorum nánast ein þarna frá Skandinavíu og eina fólkið frá Íslandi. Ég er þegar búin að fá viðbrögð við þessari

sýningu þar sem menn eru að vitna í það að við höfum hist á sýningunni og biðja um frekari upplýsingar. Maður telur sig þekkja þýska þjóðarsál nokkuð vel og ég ætla að hún sé að taka við sér. Ég verð öruggur að menn eru að taka eftir Vestfirðum“.



Töluvert vantar á að endar nái saman, eins og gjarnan er sagt um peningamálin.

Miðjan fór út í veður og vind

Í hvassviðrinu sunnudaginn 16. febrúar brotnaði staur í raflínunni í Hrafnseyrardal við Arnarfjörð á þann undarlega hátt sem myndin sýnir. Einn af rafstrengjunum hrökk við þetta af festingu sinni á staurnum og vipaði sér yfir til þess næsta.

Afleiðingarnar urðu þær að rafmagnið fór af Dýrafirði og Hrafnseyri og Auðkúlu við Arnarfjörð. Nýr staur var reistur daginn eftir en vegna hringtengingar varð ekkert rafmagnsleysi af þeim sökum. Myndina tók Steinar R. Jónasson, stöðvarstjóri Orkubús Vestfjarða hf. í Mjólkárirkjun.